



BA ritgerð

Almenn bókmenntafræði

Moses Hightower

Munur á söngtexta og ljóði og greining á söngtextum
hljómsveitarinnar Moses Hightower

Anna Helga Guðmundsdóttir

Leiðbeinandi Kjartan Már Ómarsson
Júní 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Almenn bókmenntafræði

Moses Hightower

Munur á söngtexta og ljóði og greining á söngtextum

hljómsveitarinnar Moses Hightower

Ritgerð til B.A.-prófs

Anna Helga Guðmundsdóttir

Kt.: 120387-3409

Leiðbeinandi: Kjartan Már Ómarsson

Júní 2019

Útdráttur

Hljómsveitin Moses Hightower var stofnuð árið 2007 og spilar sálartónlist undir hnyttum og skemmtilegum textum. Textarnir fjalla um ýmislegt, til dæmis samskipti kynjanna, náttúru og borgarlíf og eru þeir einnig uppfyllir af íróníu og orðaleikjum. Textarnir hjá Moses Hightower eru einnig mjög tilfinningaríkir og ljóðrænir á köflum.

Ljóð og músík voru eitt sinn samofin form í lýrikinni sem síðar skiptust í tvær fylkingar. Þau eiga þó ennþá sameiginlega snertifleti. Ljóð og söngtexti eru því tvö lík form sem eiga sér sameiginlega formóður í lýrikinni.

Söngtextar eru samdir fyrir eyrað á meðan ljóðið er fyrir augað. En hvenær verður söngtexti að ljóði eða ljóð að söngtexti? Er hægt að skoða söngtexti sem ljóð og greina þá þannig? Og hvaða hlutverk spilar músíkin í þessu samhengi?

Í þessari ritgerð verður reynt að svara þessum spurningum með því að skoða sögu lýrikur og greina söngtexti við lög hljómsveitarinnar Moses Hightower. Einnig verður írónían gegnumgangandi rauður þráður í gegnum greininguna þar sem textarnir geta verið mjög írónískir.

Formáli

Ég hafði lengi gengið með þá hugmynd í kollinum, að gera eitthvað við texta hljómsveitarinnar Moses Hightower. Mér líkaði vel hvernig þeir léku sér að orðum og orðatiltækjum á írónískan máta og langaði til að kafa dýpra ofan í textana þeirra. Til að tengja það við bókmenntafræðinámið ákvað ég að skoða hvort hægt væri að túlka söngtexta þeirra sem ljóð, þar sem sumir textarnir eru mjög ljóðrænir, og skoða um leið hver munurinn væri á söngtexta og ljóði. Þetta ferli var fróðlegt og opnaðist nýr heimur fyrir mér í textunum.

Ég hitti hljómsveitarmeðlimi eftir tónleika þeirra í Bæjarbíói haustið 2018 og sagði þeim frá ritgerðinni og bað þá um leyfi til þess að nota textana þeirra í greiningu mína. Voru þeir auðmjúkir og upp með sér að einhver vildi fjalla um textana þeirra og gáfu auðfúslega leyfi sitt.

Ég vil því þakka meðlimum hljómsveitarinnar Moses Hightower fyrir að búa til frábæra texta sem og tónlist. Einnig vil ég þakka systur minni Dýrfinnu Guðmundsdóttur fyrir ómetanlega hjálp, bæði í yfirllestri og stuðningi við skrif þessarar ritgerðar sem og leiðbeinanda mínum Kjartani Má Ómarssyni fyrir góðar ábendingar.

Efnisyfirlit

Útdráttur	1
Formáli	2
Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
1 Moses Hightower	5
2 Músík, ljóð og söngtexti – saga og skilgreiningar	10
2.1 Hvað er músík?.....	10
2.2 Hvað er ljóð?	12
3 Textarnir skoðaðir	17
3.1 Túlkun texta.....	17
3.2 Írónía	18
3.3 Náttúran og borgin	22
3.4 Samskipti kynjanna	24
3.5 Orðaleikir	26
3.6 Hughreysting og viskuorð	29
3.7 Plöturnar í heild	31
Niðurstöður.....	33
Heimildaskrá	34
Viðauki	37

Inngangur

Tónlist hefur fylgt manningnum í gegnum aldirnar og til eru ótalmargar tegundir tónlistar. Flestir finna sér eitthvað við sitt hæfi sem þeir ná að tengja við. Með tónlistinni tvinnast oft textar sem bæta ennfremur við tónlistarupplifunina og geta þeir dýpkað tengingu fólks við tónlistina.

Hljómsveitin Moses Hightower er þekkt fyrir sérstöðu sína þar sem dillandi sálartónlist spilast undir hnyttum íslenskum textum. Textarnir fjalla um ýmislegt, til dæmis samskipti kynjanna, náttúru og borgarlíf og eru þeir einnig uppfyllir af íróníu og orðaleikjum. Textarnir hjá Moses Hightower eru auk þess mjög tilfinningaríkir og ljóðrænir á köflum.

Ljóð og músík eiga sér sameiginlega sögu sem má rekja langt aftur í aldir. Eitt sinn voru þau samofið form í lýrikinni sem síðar skiptist í tvær fylkingar, í ljóðlist annarsvegar og tónlist hinsvegar. Þau eiga þó ennþá sameiginlega snertifleti. Ljóð og söngtexti eru því tvö lík form sem eiga sér sameiginlega formóður í lýrikinni.

Söngtextar eru samdir fyrir eyrað á meðan ljóðið er fyrir augað. En hvenær verður söngtexti að ljóði eða ljóð að söngtexti? Er hægt að skoða söngtexti sem ljóð og greina þá þannig? Og hvaða hlutverk spilar músíkin í þessu samhengi?

Í þessari ritgerð verður reynt að svara þessum spurningum með því að skoða sögu lýrikur og greina söngtexti við lög hljómsveitarinnar Moses Hightower. Einnig verður írónían gegnumgangandi rauður þráður í greiningunni þar sem textarnir geta verið mjög írónískir.

Í fyrsta kafla er fjallað um hljómsveitina Moses Hightower og sögu hennar. Í öðrum kafla á sér stað samræða við fræðin og reynt að varpa ljósi á hvernig ljóðið og söngtextinn tengist. Þriðji kaflinn er helgaður túlkun söngtexti Moses Hightower þar sem helstu umfjöllunarefni textanna verða tekin fyrir. Efni ritgerðarinnar er síðan dregið saman í lok hennar þar sem er greint frá helstu niðurstöðum hennar.

Allir textar Moses Hightower fylgja með í viðauka og því er ekki vísað til þeirra sérstaklega hér á eftir nema að titlar laganna og einstaka línur eru innan gæsalappa.

1 Moses Hightower

Hljómsveitin Moses Hightower var stofnuð árið 2007 eftir að meðlimir hennar höfðu komið saman og spilað sem hljómsveit fyrir tónlistarkonuna Bryndísi Jakobsdóttur.¹ Hljómsveitin er skipuð Andra Ólafssyni sem leikur á bassa og syngur, Daníel Friðrik Böðvarssyni sem leikur á gítar, Magnúsi Tryggvasyni Eliassen sem slær taktinn á trommurnar og Steingrími Karli Teague sem leikur á hljómborð og syngur. Andri og Steingrímur sjá um textasmíðarnar fyrir hljómsveitina.²

Steingrímur lauk BA- prófi í Almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands árið 2007. Einnig eru þeir Andri báðir með burtfarapróf frá Tónlistarskóla FÍH og geta því saman notað krafta sína og þekkingu til að flétta ómþýðan vef texta og laglínu sem kitlar eyrun. Á tónleikum er Steingrímur líttlátur og fáorður en maður finnur fyrir kímnni og íróníunni sem hans persóna hefur að geyma. Sem dæmi má nefna upptöku af tónleikum þeirra í Háskólabíói, sem má finna á tónlistarveitunni Spotify, þar sem hann bendir áheyrendum á að í hléinu geti þeir fengið sér kókómjólk og gert Müllersæfingar.³ Írónía líkt og þessi er gegnumgangandi í textum hljómsveitarinnar.

Nafnið á hljómsveitinni kemur frá persónu í kvikmyndinni *Police Academy*.⁴ Hljómsveitar meðlimir segjast hafa horft á myndina saman eitt kvöldið og ákveðið nafnið í kjölfarið.⁵ Nafnið er lýsandi fyrir íróníuna sem einkennir hljómsveitina þar sem þeir eru hvítir, íslenskir strákar, í og undir meðallagi á hæð en persónan sem þeir nefna hljómsveitina eftir er svartur, bandarískur maður sem er um tveir metrar á hæð. Einnig er sú staðreynd að þeir skuli vera að spila sálartónlist og syngja á íslensku ákveðin írónía, þar sem sálartónlistin á rætur sínar að rekja til samfélags blökkumanna.⁶ Það sýnir andstæðurnar sem hljómsveitin vinnur með sem

¹ Söngkonan Bryndís Jakobsdóttir gaf út sína fyrstu plötu árið 2008. Tónlistin á þeirri plötu er popptónlist en hún hefur verið að prófa sig áfram með ýmis konar stíla ásamt því að syngja af og til með hljómsveitinni Stuðmönnum.

² Moses Hightower, „Moses Hightower-About“, *facebook.com*, sótt 10. febrúar 2019 af https://www.facebook.com/pg/moseshightowerofficial/about/?ref=page_internal

³ Moses Hightower, „Gott Kvöld“, *spotify.com*, tónleikar Moses Hightower í Háskólabíói 22. September 2017, upptaka 0:56. <https://open.spotify.com/track/5QBD54hOQ3CVvhzRkn9NUG?si=uLEgMCM0R5-iQPWli1U2ww>

⁴ *Police Academy* er flokkur gamanmynda sem fjalla um þegar opnaður er lögregluskóli fyrir alla þá sem vilja verða lögregluþjónar og eru þar misjafnar persónur sem sækja þar um, meðal annarra Moses Hightower. Myndirnar voru sjö talsins og komu út á árunum 1984 til 1994. Kímni hljómsveitarinnar speglast í þessum myndum sem eru taldar vinsælar fyrir hómorinn sem sést í þeim.

⁵ Hólmfríður H. Sigurðardóttir, „Liðsmenn Moses Hightower feika það ekki“, *Föstudagur: fylgirit Fréttablaðsins*, 2. júlí 2010, bls. 4-5, hér bls. 5.

⁶ Sálartónlist blökkumanna má rekja til 6. og 7. áratugar 20. aldar. Hún sameinar gospel, ryþma og blús (R&B) ásamt jazz og voru margir þekktir tónlistarmenn sem mótuðu stefnuna, sem dæmi má nefna Ray Charles, James Brown og Etta James.

blandast þó svo vel saman. Hljómsveitin gerði lag og texta um þessa persónu, Moses Hightower, sem kom út á fyrstu plötunni þeirra *Búum til börn* (2010).⁷ Þar er honum lýst eins og hann er í kvikmyndinni, hávaxinn og réttlátur í garð lítilmagnans.

„Moses Hightower“

Gúmmí skrikar á malbiki um dimma nótt,
borgin er böðuð rauðum bjarma.
Taktu vara á þér, myrki Móses hér í hverfið mættur er
til að hefna lítilmagnans harma.

Hann fellir aldrei tár, er tveggja metra hár
og ótal tungumál hann talar bæði og ritar upp á tíu.
Já, taktu vara á þér, myrki Móses hér í hverfið mættur er
og réttlætið mun ríkja hér að nýju.

Móses, já myrki Móses,
já mildi Móses stígur karlmannlegan dans.
Móses, já myrki Móses:
draumur kvenna og martröð þorparans.

Af þessu má sjá hvernig persóna Moses Hightower er, karlmanni sem fellir aldrei tár, er með sterka réttlætiskennnd og berst fyrir lítilmagnanum í hverfunum. Hann er draumur allra kvenna en martröð þorparans. Ef til vill samsama hljómsveitarmeðlimir sig með þessari persónu sem er svo dyggur og trúr vinum sínum.

Hljómsveitin Moses Hightower hefur gefið út þrjár plötur. Sú fyrsta *Búum til börn* kom út árið 2010, önnur platan, *Önnur Mósebók*, kom út 2012 og nýjasta platan, *Fjallaloft*, kom út 2017. Meðlimir hljómsveitarinnar hafa sumir hverjir búið erlendis, meðal annars vegna náms, og því hefur verið erfitt fyrir þá að finna tíma til þess að koma saman og búa til plötu. Því var brugðið á það ráð að leyfa ýmsum listamönnum að taka lögin af *Önnur Mósebók* og þeyta þeim í nýtt form (remix). Meðal annarra eru það hljómsveitirnar Hermigervill, Retro Stefson og Múm sem taka það verk að sér og er útkomuna að finna á plötunni *Mixtúrur úr Mósebók* sem kom út árið 2013.

Þegar meðlimir Moses Hightower voru spurðir út í nafnið á fyrstu plötunni *Búum til börn* og barneignir þeirra sjálfra sögðu þeir að vísunin væri aðeins í að platan væri barnið þeirra og þeir ætluðu að „koma því á legg og sjá svo til ...“.⁸ Þá plötu gáfu þeir sjálfir út en leituðu síðan

⁷ „Moses Hightower syrgir Moses Hightower“, *Fréttablaðið*, 5. ágúst 2011, bls. 34.

Þegar leikarinn Bubba Smith, sem lék persónuna Moses Hightower í Police Academy, lést árið 2011 leitaði *Fréttablaðið* til þeirra til að athuga viðbrögðin við þessum fréttum. Þeir sögðust ætla að heiðra hann með því að halda áfram að búa til tónlist undir hans nafni.

⁸ Hólmfríður H. Sigurðardóttir, „Liðsmenn Moses Hightower feika það ekki“, bls. 4.

til Record Records með útgáfu á *Önnur Mósebók* og *Fjallaloft*.⁹ Þeir eru nú þegar farnir að vinna í næstu plötu og eru um leið að taka upp heimildarmynd um ferlið.¹⁰

Hljómsveitin hefur fengið tilnefningar og verðlaun fyrir texta og lagasmíði í gegnum tíðina. Þeir Andri og Steingrímur fengu Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2012 sem lagahöfundar ársins fyrir lögina á plötunni *Önnur Mósebók*, „þar sem unnið er með sálarhljóminn á lágstemndum hrynrænum nótum á skapandi hátt“ líkt og kom fram í tilnefningunni.¹¹ Sama ár voru þeir Andri og Steingrímur báðir í hópi tilnefndra sem söngvarar ársins. „Andri Ólafsson – Fyrir sálarfullan og tilfinningaríkan söng á plötu Moses Hightower“¹² og „Steingrímur Teague – Fyrir næma og litríka söngtúlkun á plötu Moses Hightower, *Önnur Mósebók* sem setur ný viðmið í sálarskotnu íslensku poppi.“¹³ Einnig hlutu þeir tilnefningu fyrir lag ársins þar sem laginu *Sjáum hvað setur* var lýst sem „Sálarskot[nu] rytmappopp[i] með afslöppuðu grúfi sem skapar vellíðan og fær fólk til að slá taktinn með.“¹⁴ Sama ár var *Önnur Mósebók* tilnefnd sem hljómplata ársins. Þeir Andri og Steingrímur fengu aftur Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2017 sem lagahöfundar ársins fyrir plötuna *Fjallaloft*. Hún var líka tilnefnd sem plata ársins og titillag hennar, *Fjallaloft*, var tilnefnt sem lag ársins. Af þessu má sjá hvernig tilnefningarnar og verðlaunin beinast helst að textagerð þeirra sem er lofuð ásamt tónlistinni.

Hljómsveitin hefur tekið að sér ýmis aukaverk og sömdu þeir meðal annars tónlistina fyrir leikritið *Óvitar* sem var sett upp í Þjóðleikhúsinu árið 2013 í leikstjórn Gunnars Helgasonar.¹⁵ Einnig hafa einstakir meðlimir Moses Hightower sinnt öðrum verkefnum á sviði tónlistar og komið fram með ýmsum tónlistarmönnum.¹⁶

⁹Record Records, „Um okkur – Record Records“, *recordrecords.is*, sótt 9. mars 2019 af <http://recordrecords.is/about/>

Record Records er óháð hljómplötuútgáfa og var stofnað af Haraldi Leví Gunnarsyni árið 2007. Yfirlýst markmið útgáfunnar er „að vinna vel og náði með tónlistarmönnum, sýna heiðarleika og heiðarleika í samskiptum og starfi og aldrei að gefa út tónlist nema hún sé á einhvern máta áhugaverð og framúrskarandi“.

Meðal hljómsveita sem útgáfan vinnur með eru Of Monsters and Men, FM Belfast, Sykur og Ensími.
¹⁰Moses Hightower, „Hljómsveitin vinnur á jarðsögulegum tíma“, *ruv.is*, viðtal tekið af Kristjáni Frey Halldórssyni, *Poppland*, RÚV, 15. nóvember 2018, , upptaka, 7:27. <http://www.ruv.is/frett/hljomsveitin-vinnur-a-jardsogulegum-hrada>

¹¹Íslensku tónlistarverðlaunin, „Fyrri verðlaunahafar“, *iston.is*, sótt 15. mars 2019 af <http://iston.is/fyrri-verdlaunahafar/>

¹²Íslensku tónlistarverðlaunin, „Fyrri verðlaunahafar“.

¹³Íslensku tónlistarverðlaunin, „Fyrri verðlaunahafar“.

¹⁴Íslensku tónlistarverðlaunin, „Fyrri verðlaunahafar“.

¹⁵„Krakkaskari í Þjóðleikhúsinu: Moses Hightower sér um tónlistina í nýrri uppsetningu á *Óvitunum*“, *DV*, september 2013, 48.

Moses Hightower prófuðu eitthvað nýtt þegar þeir tóku að sér að semja tónlist fyrir uppsetningu á *Óvitunum* eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikritið var sett upp í Þjóðleikhúsinu árið 2013 í leikstjórn Gunnars Helgasonar. Tónlistin ásamt textunum er þó ekki langt frá þeirra heimaslóðum. Til dæmis er textinn við titillag leikritisins hnyttin og skemmtilegur þar sem orðaleikir mynda takt og tungubrjóta. Tónlistin er einnig í ætt við þeirra sálarskotna popp. Þannig að þrátt fyrir að spreyta sig á nýju sviði halda þeir þó fast í sinn hljómi.

¹⁶Moses Hightower, „Moses Hightower“, *moseshightower.com*, sótt 29. janúar 2019 af <http://moseshightower.com/about>

Eins og áður segir þá spilar hljómsveitin sálartónlist og meðlimir hennar syngja á íslensku. Þeir skilgreina sjálfir tónlistina þannig að hún sé „bláeyg sálartónlist“¹⁷ eða „sálarskotin popptónlist.“¹⁸ Á heimasíðu þeirra er hljóminum á fyrstu plötu þeirra, *Búum til börn*, lýst sem dýnamískum kokteil af sálartónlist frá áttunda áratugnum með vott af neo-soul og dub hljómi, þar sem íslensku textarnir miðla sömu afslöppuðu og ánægjulegu tilfinningu eins og tónlistin.¹⁹ Bókmenntafræðingurinn Jón Karl Helgason hefur skrifað tvær greinar, „Hvað er asesúlfam-k?“ og „Hvað er pólýúteran?“, þar sem hann fjallar um fyrstu tvær plötur hljómsveitarinnar. Hann flokkar tónlist hljómsveitarinnar sem „r&b (rytma og blús) eða djass-fönk.“²⁰

Textarnir, sem eru allir á íslensku, eru nýttir og ljóðrænir með skemmtilegri notkun á tungumálinu sem kemur fram í mismunandi myndum og tilvísunum. Í viðtali við *Fréttablaðið* voru þeir spurðir hver væri ástæðan fyrir því að þeir syngi á íslensku frekar en ensku. Steingrímur svarar því svo:

Ég held að tónlistin okkar væri ekkert svo sérstök ef við værum að syngja á útlensku. Þegar við vorum að byrja fannst fólki skemmtilegt að heyra að við værum að gera íslenska texta við svona tónlist. Okkur finnst líka öllum svo gaman að íslenskunni og það er skemmtilegt þegar maður nær að gera eitthvað sem fólki finnst sniðugt.²¹

Þannig má segja að andstæðurnar í sálartónlistinni og íslensku textunum komi vel út og myndi athyglisverðan samhljóm sem fólki líkar við. Sérstaklega þegar íslenskan, sem er með hörðum framburði, blandast og rennur ljúflega með sálartónlistinni, sem er flæðandi og mjúk. Þar kemur aftur írónían fyrir, með því að tefla saman því harða og mjúka. Hljómsveitin hefur því tekið meðvitaða ákvörðun um að syngja ekki á ensku til þess að viðhalda þessari sérstæðu sinni. Í öðru viðtali talar Steingrímur áfram um það af hverju þeir syngi á íslensku.

Sem dæmi má nefna hljómsveitirnar amiina, Ojba Rasta, ADHD, Borko, Sin Fang og Tilbury og einnig leika þeir undir með ýmsum söngvurum.

¹⁷ Hólmfríður H. Sigurðardóttir, „Liðsmenn Moses Hightower feika það ekki“, bls. 4.

¹⁸ Auður Albertsdóttir, „Þetta er allt í kjötmóðu“, *Monitor*, 6. febrúar 2014, bls. 11-14, hér bls. 12.

¹⁹ Moses Hightower, „Moses Hightower“, *moseshightower.com*, sótt 29. janúar 2019 af <http://moseshightower.com/about>

Íslensk þýðing mín „the result was a dynamic, groovy cocktail of ‘70s soul with a hint of neo-soul and dub, all set to Icelandic lyrics that projected the same relaxed, feel-good vibe as the music.“

Neo-soul er tónlistarstefna sem kemur fram á 10. áratugnum og myndast út frá sálartónlist og R&B tónlist og er blönduð áhrifum meðal annars frá jazz, fönki, hip hop, raftónlist og popptónlist. Dub er raftónlistarstefna sem myndaðist út frá reggí tónlist í kringum 1960.

²⁰ Jón Karl Helgason, „Hvað er asesúlfam-k?“ *hugrás.is*, *Hugrás, Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*. 24. febrúar 2011.

²¹ „Stefna ekki á heimfrægd“, *Fólk: Helgin, fylgirit Fréttablaðsins*, 27. desember 2014, bls. 4.

Það er bara eitthvað svo geðveikt við að syngja á íslensku. Það er svo gaman að reyna að finna einhvern íslenskan vinkil, því þessi tónlist kemur úr einhverri allt annarri menningu. Ef við værum að syngja á ensku værum við í meiri hermikrákuleik.²²

Þessi vilji hljómsveitarinnar til að halda í sérstæðu sína og finna íslenskan vinkil á sálartónlistina má segja að sé einstakur í íslenskri tónlistarsenu.²³ Með þessu hafa þeir flutt þessa tegund tónlistar nær Íslendingum og íslenskri menningu. Jón Karl Helgason segir þá félagan „eiga í svo innilegu sambandi við móðurmálið að r&b taktar tónlistarinnar verða íslenskari en fjallkonan þegar upp er staðið.“²⁴

Eins og áður sagði þá eru það Andri og Steingrímur sem sjá um að setja saman textana en allir hljómsveitameðlimirnir koma að því að semja tónlistina. Aðspurðir hafa þeir sagt það vera nokkuð basl að semja textana, sérstaklega á þeim tíma þegar hljómsveitameðlimirnir bjuggu allir hver í sínu landi. Umfjöllunarefnin í textunum eru margvísleg og fjalla þeir um allt frá því að lýsa yfir ást sinni á kaffi til samtals halastjörnu við Júpíter.²⁵ Þeir segja textana þó ekki vera persónulega um það sem er að gerast í þeirra lífi, samanber ummæli þeirra um plötuna *Búum til börn* hér að framan, en þó hlýtur að vera einhvað sem býr á baki þeirra þar sem tilfinningin í textunum er sterk.²⁶

Ef skoðað er hvað Moses Hightower leggur fram til listaheimsins sjáum við að framlög þeirra eru þríþætt, það er músík mynduð með hljóðfærum, söngur og texti. Samþætting þessarar þriggja miðla búa til tón og textaheim sem togar hlustandann til sín svo hann upplifir tilfinningarnar sem listamennirnir túlka.²⁷

²² Hólmfríður H. Sigurðardóttir, „Liðsmenn Moses Hightower feika það ekki“, bls. 5.

²³ Þó má bæta við að aðrar hljómsveitir hafa vissulega sungið á íslensku við sálartónlist og má þar helst nefna Sálín hans Jóns míns sem gaf út fyrstu plötuna sína 1988 og starfaði í 30 ár eftir það.

²⁴ Jón Karl Helgason, „Hvað er asesúlfam-k?“

²⁵ Sjá texta í viðauka, meðal annars „Tíu dropar“ og „Geim“.

²⁶ Auður Albertsdóttir, „Þetta er allt í kjötmóðu“, bls. 13.

²⁷ Ricks, Christopher, „Bob Dylan is a genius – but reducing his songs to ‘literature’ is dangerous“, *The Telegraph*, 14. október 2016.

2 Músík, ljóð og söngtexti – saga og skilgreiningar

Músík og söngtexti eru oft í samvinnuðu formi, til dæmis í dægurlagatónlist. Ljóð eða kvæði eru einnig stundum tekin, búin til laglína við þau og þeim þannig breytt í sönglag. Saga músíkur, ljóðs og söngtexta eiga sér langa fortíð sem eitt sinn var samvinnuð í lýrikinni. Hér á eftir verður stiklað á stóru í sögu þeirra og þróun í gegnum árin.

2.1 Hvað er músík?

Músík, lag eða tónlist eru í kringum fólk á hverjum degi og má finna í ýmis konar formi. Hallgrímur Helgason, einn af fremstu fræðimönnum landsins um tónlist á 20. öld, segir í bók sinni *Tónmenntir* að *músík* sé vítt hugtak sem nær yfir flest öll hljóð í umhverfi okkar en *tónlist* sé þrengra hugtak sem á við um manngerða tónlist.²⁸ Í sömu bók skilgreinir hann hugtakið *lag* sem hefðbundna orðaröð í ljóðaformi.²⁹ Einnig fellur eftirfarandi undir þá skilgreiningu:

Sungið lag er frumform mannglegra tilfinninga. Það er jafngamalt sjálfu mannkyni og er til hjá öllum þjóðum heims á öllum tímum. Það er upprunalegra en töluð tunga. Barnið syngur á einu atkvæði áður en mál lærist. Hreyfing sálar speglast í hreyfingu tóna. Lag er því elzta og eðlilegasta tjáning í músík.³⁰

Því er það okkur eðlislægt að söngla okkur fyrir munni og að syngja lag eða tóna, hvort sem það er gert í einrúmi í sturtunni eða fyrir framan áhorfendur á sviði.

Í formála fyrrnefndrar bókar Hallgríms, *Tónmenntir*, talar hann um hve tónlistin er samofin manneskjunni. Fyrstu hljóðin sem við gefum frá okkur í barnæsku eru hálfgerður söngur, þegar barn hjalar og skríkir. Því eru hljóðin, sem myndast síðan í tal, samofin því að syngja sem og að tala og fara með texta.³¹

Músík er einnig talin vera stærðfræðilegt form þar sem nótum er raðað í ákveðna formúlu sem gengur upp og gefur af sér fagran hljóð.³² Þessa sömu formúlu má máta við bragarfræðina með öllum sínum bragfræðireglum og formgerð. Á seinni tímum hefur þó losnað um þessi höft og bæði tónlist og texti fengið að flæða frjáls og óhindrað í öllum tilraunakenndum formum sem hugsast getur.

²⁸ Hallgrímur Helgason, *Tónmenntir*, I-ö, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins, 1980, bls. 63 og 262 og Sævar Ingi Jónsson, „Dr. Hallgrímur Helgason 100 ára“, *safnahus.is*, 3. nóvember 2014, sótt 24. apríl 2019 af <http://safnahus.is/dr-hallgrimur-helgason-100-ara-3/>

²⁹ Hallgrímur Helgason, *Tónmenntir*, bls. 7.

³⁰ Sama rit, bls. 7.

³¹ Sama rit, bls. 5.

³² Sama rit, bls. 63-65.

Í bók sinni *Tónmenntir* segir Hallgrímur Helgason músík vera „listgrein sú, er notfærir sér óefni það, sem náttúran lætur í té, velur úr því, skipuleggur það og reisir því hæfilegar skorður, svo að fram komi samræmt form.“³³ Þar speglast stærðfræðiformúlukenningin þannig að tekið er eitthvað sem er kaótískt, valið úr því ákveðin efni og því síðan skipað í formúlu sem miðlar því á skipulegan hátt og myndar hljóma og laglínur sem hægt er að læra og endurtaka. Í sömu bók er *söngur* skilgreindur sem:

[...] sá hæfileiki manns að leiða með rödd sinni fram tóna, að gera talað mál syngjandi [...] og sungið mál talandi [...] Hér grípur inn í þrennskonar aflvaki, sem ýmist er *logogen* (orðbundinn), *pathogen* (tilfinningabundinn) eða *melogen* (lagbundinn). Hrynjandi tungunnar verður lifandi í frumformi lags. Upprunalega er lag hljómur orða og bragskipunarleg raunfærsla þeirra [...] Söngur er hér ómandi máleðlisfræði.³⁴

Af þessu má sjá að söngur og músík er hvoru tveggja tæki sem miðlar hrynjanda úr kaótískum heimi. Með þeim er hægt að tjá talað mál með tónlist í formi söngs og söngtexta eða kveðskapar.

Tónlistarlíf á Íslandi hefur alla tíð verið mjög blómlegt og hafa margir íslenskir tónlistarmenn gert það gott, bæði hérlandis og erlendis í gegnum árin. Í bókinni *Tónmenntir* kemur jafnframt fram að það sé margt sem bendi til þess að Íslendingum sé eðlilegt og jafnvel í blóð borið að syngja og tjá sig með söng.³⁵ Því ætti það ekki að koma á óvart hversu söngelskir margir Íslendingar eru.³⁶

Sungið lag er margmiðla þar sem það er samblanda af tveimur miðlum, tónlist og texta. Tónlistin er þá oftast í formi undirleiks á hljóðfæri og laglínu sem er sungin.³⁷ Það sem við köllum í dag laglína eða melódía er upprunalega ljóðasöngur og er nafnið melódía fengið úr grísku þar sem *melos* þýðir ljóð og *ode* er söngur. Ljóðasöngur er því það þegar einföld laglína er sett við ljóð og þau flutt saman í söng.³⁸ Einnig geta hugtökin *söngur* og *söngvar* þýtt lag eða sungið ljóð.³⁹ Skáld sem yrkir söngljóð er því frekar að yrkja fyrir eyrað en fyrir augað þar sem

³³ Sama rit, bls. 63.

³⁴ Sama rit, bls. 244-245.

³⁵ Sama rit, bls. 244-245.

³⁶ Þó má ekki alhæfa þetta um alla Íslendinga þar sem auðvitað er fólk sem heldur ekki lagi og er ekkert söngelskt eins og víða annarsstaðar. Það að við séum söngelsk þjóð má ef til vill helst tengja við líflegt tónlistarsamfélag, ótal kóra, söng í samkvæmum og í fjárréttum, svo nokkur dæmi séu tekin.

³⁷ Ýmsar útfærslur eru til á þessu, laglínin getur verið sungin með eða án texta, spiluð á hljóðfæri eða annað. Einnig getur undirleikurinn verið margvíslegur, mörg eða fá hljóðfæri eða jafnvel enginn undirleikur og þá fær söngurinn að njóta sín einn með textanum.

³⁸ Hallgrímur Helgason, *Tónmenntir*, bls. 43.

³⁹ Sama rit, bls. 244-245.

hljómur, hrynjandi og taktur er í forgrunni til að geta hljómað með laglínunni.⁴⁰ Önnur fyrirbæri ljóðsins, eins og myndir verða því að víkja.⁴¹

Samkvæmt orðabók er skilgreining á músík alþjóðlegt heiti yfir tónlist sem er síðan skilgreint sem „listgrein þar sem tónar og hljómar eru skipulega nýttir til ýmislegrar tjáningar í tónverki.“⁴²

2.2 Hvað er ljóð?

Okkur er eðlislægt að mynda orð, strengja þau saman í setningar og erum við sífellt að mynda og móta úr þeim form til að tjá okkur, hvort sem það er í skrifuðum texta eða töluðu máli.⁴³ Þessi tjáning getur síðan birst í mörgum formum, sem ljóð, skáldsaga, söngtexti, pistill, ræða eða annað slíkt. Við sækjum í það að tjá skoðanir okkar, tilfinningar og hugsjónir til að geta átt í samskiptum við annað fólk.

Eitt af þessum formum er ljóðlistin. Orðið lýrik er stundum haft um ljóðlistina og er hún ein af fagurbókmenntunum. Hinar eru dramatík sem er haft um leikritun og epík sem er meðal annars haft um skáldsögur.⁴⁴ Muninn á epík, dramatík og lýrik má skýra út með því að skoða hver það er sem segir frá eða talar til þess sem hlýðir á eða les. Epísk frásögn talar til fjöldans á meðan lýrik talar til einstaklingsins. Í epískum og dramatískum frásögnum setur höfundur persónur í frásagnarhlutverkið á meðan höfundur talar beint við lesanda eða áheyranda í lýrikinni.⁴⁵

Nafnið lýrik er vísun í hljóðfærið lýra sem var notuð til undirleiks þegar ljóðrænn skáldskapur var fluttur.⁴⁶ Lýrikin varð til við að setja tungumálið í sama form og tónlistina og aga það eftir reglum líkt og er gert í bragfræðinni. Þannig varð auðveldara að tjá tilfinningar í lagi og ljóði. Voru það helst Grikkir sem áttu þessa hefð en einnig voru Kínverjar, Hebrear og fleiri þjóðir sem notuðu þennan frásagnarhátt. Tónlistin skipaði því stórt hlutverk í lýrik en skipti minna máli í epík og dramatík.⁴⁷

⁴⁰ Að yrkja fyrir augað felur í sér að það sé lesandi sem les textann af blaði eða bók. Þá er uppsetningin á textanum, til dæmis greinamerki og bil, tekin með í túlkunina á textanum.

⁴¹ Óskar Halldórsson, *Bragur og ljóðstíll*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1977, bls. 149-150.

⁴² Mördur Árnason ritstj., *Íslensk orðabók, M-Ö*, 3. útg., Reykjavík: Edda, 2002, „músík“ og „tónlist“.

⁴³ The brain from top to bottom, „Tool Module: Chomsky’s Universal Grammar“, *thebrain.mcgill.ca/avance.php* sótt 24. apríl 2019 af http://thebrain.mcgill.ca/flash/capsules/outil_rouge06.html

⁴⁴ Jakob Benediktsson ritstj., *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, Reykjavík: Mál og menning, 2008, bls. 173.

⁴⁵ Óskar Halldórsson, *Bragur og ljóðstíll*, bls. 134.

⁴⁶ Hallgrímur Helgason, *Tónmenntir*, bls. 22.

⁴⁷ Jakob Benediktsson, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 173.

Lýrík varð því almennt heiti yfir sönghæfan kveðskap á Alexandrítímanum og var þá miðað við ljóðlist frá Grikkjum. Rómversk skáld tóku einnig mið af Grikkjum í lýrík en lögðu meiri áherslu á inntakið. Skáld eins og Hóratíus og Óvídíus vildu túlka persónulega reynslu með lýríkinni.⁴⁸

Þegar söngtextar Moses Hightower eru bornir saman við þessar skilgreiningar má segja að þeir séu lýrískir þar sem textarnir eru sönghæfur kveðskapur. Einnig eru textarnir tilfinningaríkir og túlka persónulega reynslu eins og rómversku skáldin gerðu.

Engar teljandi breytingar urðu á hugtakinu fram að endurreisnartímanum en á miðöldum var lýríkin í sambandi við braglist sem og sönglist. Þróunin mótaðist aðallega af latneskri versagerð og kaþólskri menningu. Einnig átti riddaramenning þátt í að móta lýríkina frekar. Suðurfrönsku riddaraskáldin, sem voru kölluð trúbadorar, og þýskir mansöngvar skipuðu stóran sess í sögu lýríkinnar á 12. og 13. öldinni og var veraldleg lýrík útbreidd í fjölmörgum löndum og þá á margvíslegum tungumálum.⁴⁹ Trúbadorarnir sömdu bæði ljóð og lög og voru textar þeirra mjög ljóðrænir og nátengdir músíkinni.⁵⁰

Á tímum endurreisnarinnar aðskildu skáldin lýríkina og tónlistina og miðuðu lýríkina, eða ljóðlistina, við lesandann frekar en áheyrandann. Við þetta víkkaði merking hugtaksins lýrík og hefur síðan þá náð yfir ýmiskonar skáldskap í bundnu máli sem ekki er hægt að flokka sem epík eða dramatík. Engu skiptir hvort kvæðin séu þá ætluð til söngs eða lesturs. Þó má sjá á hefðbundnum ljóðformum að þau byggja á hljóm og hrynjanda tungumálsins og því vísa þau í uppruna sinn í lýríkinni.⁵¹

Það að vera lýrískur er skilgreint þannig að einstaklingurinn er mjög tilfinningaríkur eða -næmur, ljóðrænn og viðkvæmur. Þá á þetta séstaklega við þegar þessar tilfinningar koma fram í laglínu og þegar er verið að syngja um eigin tilfinningar.⁵² Lýrík er skilgreind í orðabók sem „kveðskapur (ljóð) sem túlkar mest tilfinningar, geðhrif og hugblæ.“⁵³ Lýríkin var einmitt til þess fallin að flytja tilfinningaríkan kveðskap sem búið var að fella að sönglagi. Lýrísk ljóð voru stutt í samanburði við til dæmis Hómerskviður og skiptust í minni einingar sem kallast erindi.⁵⁴ Þannig má sjá þessi nánú tengsl tónlistar og kveðskaps enn í dag þar sem söngtexti er oft skipt í erindi og hrynjandi tungumálsins í kveðskapnum fellur að hrynjandanum í

⁴⁸ Sama rit, bls. 173.

⁴⁹ Jakob Benediktsson, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 173.

⁵⁰ Jakob Benediktsson, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 286.

⁵¹ Jakob Benediktsson, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 174.

⁵² Hallgrímur Helgason, *Tömmennir*, bls. 22.

⁵³ Mördur Árnason, *Íslensk orðabók, M-Ö*, „lýrík“.

⁵⁴ Jakob Benediktsson, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 77.

tónlistinni.⁵⁵ Hljómsveitarmeðlimir Moses Hightower nýta sér óspart hrynjanda tungumálsins og tengja hann tónlistinni. Söngtexta þeirra er skipt erindi og einnig eru viðlög við erindin sem eru endurtekin í gegnum lagið.

Hægt er að tala um hrynjanda bæði í músík og í kveðskap. Hrynjandi myndast við endurtekningu, annarsvegar með takti í músík og hinsvegar hjá áhersluatkvæðum í tungumálinu. Í kveðskap og bundnu máli er reynt að setja áhersluatkvæðin skipulega niður með jöfnu millibili þannig að taktur eða hrynjandi myndist við lesturinn. Þung og létt atkvæði skiptast á og mynda einingar sem nefnast bragliðir eða kveður. Braghrynjandi þeirra ákvarðast af braglínu og braghvöld sem og bragliðunum.⁵⁶

Á Íslandi hefur kveðskapur verið hluti af þjóðinni frá því að land byggðist. Í bók Óskars Halldórssonar, *Bragur og ljóðstíll*, segir hann að í íslenskum ljóðstíl nútímans megi sjá einkenni fornra bragarháttanna þó að þeim sé ekki fylgt eftir ströngustu reglum líkt og áður fyrr. Þeir eru hluti af forsögu okkar og því er okkur það eðlislægt að grípa til þeirra við texta og ljóðasmíði. Rím, stuðlasetningar og hrynjandi orða eru dæmi um það sem má oft finna í nútímaljóðum.⁵⁷

Óskar skiptir skáldtextum í tvo þætti. Annarsvegar er það kveðskapur og kvæði þar sem um er að ræða þann texta sem er í bundnu máli. Hinsvegar eru það ljóð þar sem um er að ræða lýríska eða ljóðræna skáldskap.⁵⁸ Með kveðskap er reynt að koma skipulagi á málið og túlka þannig tilfinningar í gegnum vel skipaðan texta. Í *Bragur og ljóðstíll* segir Óskar jafnframt:

Í kveðskap er leitast við að skipuleggja hina frjálsu hrynjandi málsins, aga hana til samræmis föstum takti sem á hliðstæðu í músík. Þegar orðum hefur verið skipað samkvæmt ákveðinni takttegund, svo að áherslur falla háttbundið, er um **bundið mál** að ræða. Það er framar öðru þessi reglufasta hrynjandi sem markar bragforminu sérstöðu.⁵⁹

Af þessu má sjá að orðlistin felst í því að koma skipulagi á málið og setja það í taktfast mót. Í þessu samhengi má vísa í stærðfræðiformið sem var minnst á hér á undan, þar sem kaótíkin er flokkuð og henni skipað niður í ákveðið form. Þessi skipulagning á málinu krefst mikillar

⁵⁵ Óskar Halldórsson, *Bragur og ljóðstíll*, bls. 133.

Í textanum hjá Óskari kemur einnig fram að lýrik sé hinsvegar ekki talin upp með epík og dramatík í Skáldskaparfræðum Aristótelesar sem þykir skrítið þar sem hún kemur frá Grikkjum sem stunduðu lýrik samhliða harmleikjunum.

⁵⁶ Jakob Benediktsson, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 125.

⁵⁷ Óskar Halldórsson, *Bragur og ljóðstíll*, bls. 9.

⁵⁸ Óskar Halldórsson, *Bragur og ljóðstíll*, bls. 13.

⁵⁹ Óskar Halldórsson, *Bragur og ljóðstíll*, bls. 15.

kunnáttu og færni. Orðlistin felur í sér að hafa gott vald á og tilfinningu fyrir málinu enda var hún á tímabili talin með íþróttum.⁶⁰

Ljóð var í fornu máli haft um erindi eða einstök kvæði. Nú til dags er orðið ljóð oft notað í ritmáli þegar en kvæði þegar fjallað er um ljóðrænan kveðskap. Það er einnig að finna í samsetningunni óbundið ljóð eða prósaljóð enda hefur orðið ljóð víðari merkingu en kvæði.⁶¹ Samkvæmt orðabók er ljóð skilgreint sem „ljóðrænn texti þar sem hrynjandi og myndmáli er meðal annars beitt markvisst, stuðlar eru áberandi og rím er oft notað, er annaðhvort háttbundinn, þar sem skipan þessara og fleiri atriða fer eftir föstum reglum, eða frjáls, án slíkra reglna.“⁶²

Það má því segja að öll ljóðlist sé orðlist þar sem skáldið þarf að raða orðum listilega saman til að tjá tilfinningar sínar. Í söngljóði er þetta ennþá meiri áskorun þar sem ljóðið þarf, samfara því að tjá tilfinningar, að hljóma í takti við hrynjandann sem fylgir laglínunni. Því þarf söngljóðaskáldið að ná meiru út úr textanum sem hann smíðar en hið hefðbundna ljóðskáld.⁶³

Af þessu má sjá að lýrik, ljóð, söngljóð og kvæði eru náskyld hvort öðru. Því má segja að munurinn á ljóði og söngtexta sé ekki ýkja mikill enda eru þessi tvö form tengd hvort öðru langt aftur í aldir. Þau koma frá sameiginlegri formóður sem söngljóðið og lýrikinn er. Einnig má segja að kvæðastíll Íslendinga hafi haft mikil áhrif á skáldskap og söngljóð og hvoru tveggja fylgst að í gegnum árin og tekið breytingum samfara tíðarandanum.

Í formála skólablaðsins *Menntaskólaljóð* sem Nóbelskáldið Halldór Laxness ritar talar hann um samþættingu ljóðs og lags og hvað hann sakni þess að ljóði fylgi ekki lengur lagstúfur.

Ég þreystist seint á að endurtaka að ljóð án lags er einkum skemtun fyrir heyrnalausum mönnum á sama hátt og og útvarpssjónleikir hljóta að vera ætlaðir blindum mönnum. Helst vildi ég taka af þessum úngum skáldum það loforð að næst þegar þeir gefa út ljóðmæli, þá láti þeir fylgja lög eða að minsta kosti tilvísun um lagboða handa morgunsungvurum og öðrum idjótum. En slík ósk er vitaskuld smámunasemi ein og hótmyndni andspænis því fagnaðarundri að íslenska þjóðin skuli enn eiga æskumenn sem vilja vera skáld.⁶⁴

⁶⁰ Óskar Halldórsson, *Bragur og ljóðstíll*, bls. 7.

⁶¹ Jakob Benediktsson, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 170-171.

⁶² Mörður Árnason, *Íslensk orðabók, M-Ö*, „ljóð“.

⁶³ Óskar Halldórsson, *Bragur og ljóðstíll*, bls. 84.

⁶⁴ Halldór Laxness, „Formáli: sem er þó aðeins persónuleg játning um kveðskap“, Ágúst Guðmundsson ofl., *Menntaskólaljóð*, Reykjavík: útgefanda ekki getið, 1965, bls. 3-6, hér bls. 5-6.

Þarna má sjá hversu samofið ljóðið og lagið er í huga Nóbelskáldsins þar sem honum finnast ljóðin kalla á að laglína fylgi þeim. Þó er írónía í þessum orðum hans því að hann lét sjálfur ekki laglínu fylgja með öllum þeim ljóðum sem hann samdi. Það má einnig velta því fyrir sér hvort að sundrung músíkinnar og ljóðsins hafi verið góð þróun á sínum tíma.

Í grein sinni „Listin sem tækni“ greinir Shklovskij frá því að margir telja skáldskapinn sem sérstaka tegund hugsunar sem fari fram í myndum. Þar er myndmálið notað til að útskýra hið óþekkta og framandi. Hann segir jafnframt að lýrik, byggingarlist og tónlist séu listir sem hafi verið flokkaðar sem myndlausar listir þar sem þær höfði beint til tilfinninganna og flokkurinn kallaður *lýrískar listir*.⁶⁵

⁶⁵ Shklovskij, Viktor, „Listin sem tækni“, *Spor í bókmenntafræði 20. aldar: Frá Shklovskij til Foucault*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991, bls. 21-42, hér bls. 22.

3 Textarnir skoðaðir

Textar Moses Hightower eru, eins og fyrr segir, úr smiðju Andra og Steingríms. Þeir sækja efnivið í textana úr daglegu lífi og nær því hlustandinn að tengja við þá. Fólk sem hlustar á lögin lærir oft textana, og þá oftast viðlagið, til að syngja með lögunum. Það fer síðan eftir hverjum og einum hvort þeir fari dýpra í túlkuninni á textunum.

3.1 Túlkun texta

Þegar texti er túlkaður fer það eftir bakgrunni lesandans hvað hann sér út úr textanum. Reynsla, þekking og menningarbakgrunnur hvers og eins stýrir túlkunarmöguleikum hans og því getur sami texti verið túlkaður á ólíkan hátt eftir ólíkum lesendum.⁶⁶

Hvert orð er sagt hafa tvær eigindir. Annars vegar er það hvað skynfærin túlka, hvað augað sér eða eyrað heyrir. Hins vegar er það hvað orðið þýðir fyrir lesandann, hvaða merkingu það ber með sér. Þannig getur orð táknað annað en það er.⁶⁷

Þó að ljóð virki einfalt getur það verið uppfyllt af táknum og myndum sem dýpka það. Myndmál getur fært merkingu myndarinnar, sem birtist í ljóðinu, nær okkar skilningi.⁶⁸ Skilningur á ljóði er því ekki bundinn við bókstaflega lesningu heldur virkjar textinn lesandann til að grafa dýpra og sjá hvað liggur að baki. Lesandinn leggur sína merkingu við hvert orð og tengir þau þannig saman.⁶⁹ Þannig getur ljóðið hreyft við lesandanum sem túlkar það út frá sínum tilfinningum og hughrifum.⁷⁰

Í textum Moses Hightower eru umfjöllunarefni mörg en þó má sjá ýmsa þræði og þemu. Til dæmis má nefna náttúruna, borgarlífið, ástina og ástarsorgina sem koma endurtekið fram, sem og hughreystingar- og viskuorð. Þessi þemu kallast á við yrkisefni annarra sálartónlistarmanna, að undanskyldu náttúrunni og borgarlífinu sem er yfirleitt ekki stórt umfjöllunarefni í sálarlögum og því gæti það verið sérstaða hjá Moses Hightower að syngja um það.⁷¹ Áheyrandinn nær að tengja við textann þar sem umfjöllunarefnið er eitthvað sem hann

⁶⁶ Jauss, Hans Robert, og Elizabeth Benzinger, „Literary History as a Challenge to Literary Theory“, *New Literary History* 2, ritstj. Hans Robert Jauss og Elizabeth Benzinger, Maryland: The Johns Hopkins University Press, 1970, bls. 7-37, hér bls. 13.

⁶⁷ Óskar Halldórsson, *Bragur og ljóðstíll*, bls. 84.

⁶⁸ Shklovskij, „Listin sem tækni“, bls. 22.

⁶⁹ Jakobson, Roman, „Tvær hliðar tungumálsins“, *Spor í bókmenntafræði 20. aldar: Frá Shklovskij til Foucault*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991, bls. 81-92, hér bls. 86-87.

⁷⁰ Óskar Halldórsson, *Bragur og ljóðstíll*, bls. 85.

⁷¹ Bankov, Dimitar, „Statistics: Most Used Words In Lyrics By Genre“, *codingintune.com*, 9. apríl 2018, sótt 5. maí 2019 af <http://codingintune.com/2018/04/09/statistics-most-used-words-in-lyrics-by-genre/>

hefur ef til vill upplifað sjálfur eða tengir við á annan hátt. Einnig er leikurinn með tungumálið og írónían í textunum það sem dregur áheyrandann til að hlusta betur á textana með laginu.

Meðlimir Moses Hightower eru að yrkja fyrir eyrað fremur en augað. Textar þeirra fara saman með tónlistinni og mynda þannig heild en eru því ekki beint ætlaðir sem ljóð sem ætti að lesa af blaði. En það má spurja sig hvort að þeir séu jafnvel að semja fyrir heilann þar sem textarnir eru margir hverjir djúpir líkt og ljóð og áheyrandinn getur því kafa dýpra í þá en í öðrum lagatextum þar sem dýptin er ekki eins mikil. Þeir semja hugsaða texta sem krefur áheyrandann til þátttöku.

Jón Karl talar um í greinum sínum að sá sem talar í textum hljómsveitarinnar sé *ljóðmælandi* sem bendir til þess að hann telji textana vera ljóð.⁷² Því verður farið að hans dæmi hér eftir og *ljóðmælandi* haft um þann sem talar í textunum.

3.2 Írónía

Í textum Moses Hightower má finna þó nokkuð af íróníu sem felur sig inn á milli orðaleikja og ljóðrænna tilburða. Írónían aðallega er notuð af textahöfundum til skemmtunar og yndisauka en þó stundum einnig til að gera góðlátlegt grín að sjálfum sér.

Notkun íróníu í texta hefur margvíslegan tilgang en aðallega er henni beitt til þess að benda á fátíðni og til að snúa upp á raunveruleikann. Sá sem beitir íróníu er oftast ekki að þykjast vera einfeldningur til þess að hvetja þann sem les eða hlustar til sjálfstæðar hugsunar og taka þannig eftir því sem er verið að segja. Sókrates notaði þessa aðferð í ritum sínum, þar sem hann spurði lærisveina sína einfeldningslegra spurninga, og segja því margir að hann sé faðir íróníunnar.⁷³ Þegar írónía er notuð sjást augljós öfugmæli þar sem höfundur talar á móti því sem hann vanalega heldur fram.⁷⁴ Því myndast ósamræmi milli afstöðunnar sem sögumaður textans hefur og þess sem hann segir í textanum eða atburða sem er verið að lýsa þar.⁷⁵ Írónía í ljóðum er algeng og þarf lesandinn sífellt að búast við henni í textanum þegar hún truflar hið eðlilega flæði textans og ljóðmælandinn talar í mótsögn við sjálfan sig eins og áður segir.⁷⁶ Helst hefur írónían verið skoðuð í bókmenntatextum en undanfarið hafa augu fræðimanna

⁷² Jón Karl Helgason, „Hvað er pólýúteran?“ *hugrás.is*, *Hugrás, Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*, 27. mars 2013.

⁷³ Turner, Katherine L., „Introduction: The Sound of Irony/The Irony of Sound“, *This is the sound of irony: music, politics and popular culture*, Katherine L. Turner ritstj., Bretland: Ashgate, bls. 1-16, hér bls. 10.

⁷⁴ Óskar Halldórsson, *Bragur og ljóðstíll*, bls. 116.

⁷⁵ Jakob Benediktsson, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 134.

⁷⁶ De Man, Paul, „The Concept of Irony“, *Aesthetic ideology*, Paul De Man, Minneapolis/London: University of Minnesota Press, 1997, bls. 163-184, hér bls. 177-179.

beinst að íróníu sem finnst í músík þar sem tónlistin sjálf getur verið írónísk eða hún bætir á íróníuna sem er fyrir í söngtextanum.⁷⁷

Ein gerð af íróníu er satíra eða háðsdeila þar sem ádeilunni er beint að einhverju ákveðnu eins og einstaklingum, þjóðfélagshópum eða manngerðum. Þá er markmiðið að beina ljósinu að heimsku eða hégóma þeirra sem og að koma auga á aðra galla í þeirra fari með því að hafa þau að háði og spotti. Þess konar ádeila getur verið á breiðu rófi, frá því að vera meinlaus yfir í að vera bein árás.⁷⁸

Írónían og háðið sem textahöfundar Moses Hightower nota er frekar meinlaus og góðlátlegt grín gert að ýmsum manngerðum til dæmis sólþyrstum stúdentum, kappklæddum túristum og þybbnum börnum með sveitta íspinna í textanum við lagið „Sjáum hvað setur.“

Sólþyrstir stúdentar,
kappklæddir túristar,
heilsast á vegi förnum.
Nýkeyptir íspinnar
svitna og örvænta
og etast af þybbnum börnum.

Í sama texta má einnig sjá hvernig þeir nota andstæður í miðbæjarmömmunum sem dröslast með kerrurnar um miðbæinn á móti prúðbúnum mormónum sem þræða göturnar með þokka. Andstæðurnar mynda skemmtilega íróníska sýn á miðbæjarlífið.

Miðbæjarmömmurnar
dröslast með kerrurnar
daglangt og dreypa á mokka.
Prúðbúnir mormónar,
þræðandi göturnar,
þjóða af sér góðan þokka.

Aðal írónían sem má sjá gegnumgangandi í textunum er þegar textahöfundar nota hana í umtali um sjálfa sig og eru textarnir þeirra „löðrandi í dásamlegri einlægri sjálfsíróníu“ samkvæmt bókmenntafræðingnum Jóni Karli Helgasyni.⁷⁹

Í textanum við lagið „Allt í góðu lagi“ er Steingrímur að yrkja um sig sjálfan sem mikilmenni. Í textanum er honum lýst sem kvensömum og sterkum, klárum og í alla staði frábærum. Hinsvegar byrjar lagið á því að hann ræskir sig vandræðalega og segir „Afsakið, má ég segja nokkur orð?/ Þó ég sé ekki vanur að trana mér fram.“ Þarna sést misræmið í því sem

⁷⁷ Turner, „Introduction,“ bls. 1-7.

⁷⁸ Jakob Benediktsson, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 235.

⁷⁹ Jón Karl Helgason, „Hvað er asesúlfam-k?“

hann segir og því sem hann er vanur að gera. Hann er feiminn og tranar sér ekki fram af óþörfu en er samt heljarmenni sem getur allt. Eða eins og Jón Karl Helgason lýsir því í grein sinni að textinn snúist um „útblásna sjálfsmynd hins annars hógværa hljómborðsleikara.“⁸⁰ Jón Karl bendir einnig á að í því lagi sjáist hvernig tungumálið og framandi tónlistin blandist vel saman og búi til sérstakan og íslenskan fönkhljóm.⁸¹ Þessa sjálfsíróniú má sjá í fleiri textum til dæmis í laginu „Góður í“ þar sem Steingrímur er að tala um sjálfan sig. Textinn fjallar um hvað hann sé óður í að gera það sem hann er góður í. Steingrímur vinnur við að þýða, meðal annars bíómyndir, og vísar textinn í að hann selur myndir um hvali og sauðfé sem hann hefur unnið við.⁸²

Þá má einnig sjá einskonar sjálfsögu í textunum þar sem þeir eru beinlínis að yrkja um það hvað það sé erfitt að vera textasmiður sem þarf að setja saman ljóðtexta.⁸³ Þetta má til dæmis sjá í textanum við lagið „Margt á manninn lagt“ þar sem eitt erindið hljómar svona:

Ambögur og ofstuðlar
alveg ná mér upp í kok.
Froðusnakk og fánýtt sprok
frussast úr mér allstaðar.

Hér sést hvernig hann snýr upp á tungumálið og írónián skín í gegnum textann. Hann er kominn með ógeð á skáldaharkinu en setur það samt fram í fallettum ferskeytlum sem eru stuðlaðar og rímaðar upp í topp. Hann notar orð sem eru ekki algeng í daglegu tali eins og *ambögur* og *sprok* og það má því segja að hann sé að viðhalda þeim í íslenskunni með því að vekja athygli á þeim í dægurlagatexta.⁸⁴ Breyting verður taktinum þegar líður á lagið. Það er þunglamalegur tónn og taktur í byrjun lagsins þar sem allt er ómögulegt. En „svo kemur kvöldsólin“ og þá breytist lagið, tónninn verður bjartari og skáldið verður vongott. Kvöldsólin veitir honum greinilega von, birtu og jafnvel innblástur við textasmíðina. Við tekur þó eyndarlegur tónn eftir erindið um kvöldsólinu og allt virðist vera ómögulegt aftur. Það er því margt á skáldið lagt og margt eftir ósagt sem hann á eftir að sníða í ljóðatextann.

⁸⁰ Jón Karl Helgason, „Hvað er asesúlfam-k?“

⁸¹ Jón Karl Helgason, „Hvað er asesúlfam-k?“

⁸² Jón Karl Helgason, „Hvað er asesúlfam-k?“

⁸³ Jón Karl Helgason, „Skáld um skáld“, <http://uni.hi.is/jkh/>, sótt 3. maí 2019 af http://uni.hi.is/jkh/kennsla/hugtok/?fbclid=IwAR1jdyM_fxis0LquZdcBYInM3ZsztX9-k-zaifDGrGKdMHiGInZq97DMkKU

Sjálfsaga (e. metafiction) er þegar sagan vísar í sjálfa sig eins og ljóðmælandi gerir í textanum, hann er að yrkja um það að yrkja.

⁸⁴ Mörður Árnason, *Íslensk orðabók, M-Ö*, „ambaga“ og „srok“, ambaga er rangmæli og srok er mál eða talsmáti.

Í textanum við „Fjallaloft“ er ljóðmælandi að gera lítið úr náttúrufegurðinni í kringum hann. Í fyrsta erindinu sést að hann skilur ekki alveg hvað felst í fegurðinni og tekur öllu frekar bókstaflega.

Hvað er þessi blíða nema ruglun reyta
ljóss og logns sem varir allt of stutt?
Og hvað er þessi jökull nema bleyta
sem bráðnar innan skamms og gufar upp?

Hér má sjá að bókstafleg túlkun ljóðmælandans er írónísk þar sem hann telur blíðuna bara vera tímabundið sambland sólar og logns. Eins telur hann jökulinn ekki vera neitt annað en bleytu sem gufar upp að lokum. Hann virðist vera svartsýnn en skemmtunin felst í því að sjá hluti sem maður hugsar kannski ekki mikið um eins og sólarblíðu og jökulinn og túlka þau í frumeindir þess.

Textinn í laginu „Tíu dropar“ fjallar um mann sem hættir að drekka kaffi en sér svo að sér og afsakar svik sín við kaffið. Ást hans á kaffi skín í gegnum textann þar sem það er lofað í hástert. Lagið er einskonar ástarljóð sem er ort eftir að hann svíkur ástina sína og biðst fyrirgefningar á að hafa ekki séð strax að sér. Írónían í því að semja ástaróð til kaffis, eins og um manneskju væri að ræða, er skemmtileg og öðruvísi. Fyrstu ljóðlínurnar sýna myndrænt hvernig kaffið rennur úr síunni við uppáhellinguna. Svört tárin seytla frá síunni ofan í bollann. Kaffið vinnur síðan á og bægir frá hversdagsamstri og hjartasárum sem áheyrandi tengir strax við. Það er ef hann drekkur kaffi. Næstu ljóðlínur eru einskonar lofgjörð til kaffis og kaffibaunarinnar sem það kemur af. Þetta minnir á trúarlega texta þar sem Guð er ákallaður. Kaffibaunirnar koma frá Eþíópíu og er það vísun í að kaffiplantan hafi fyrst verið ræktuð í Eþíópíu og hafi þaðan breiðst út um allan heim, meðal annars til Íslands. Ljóðmælandinn minnst þess þegar hann svíkur kaffið með því að hætta að drekka það og sér ekki strax að sér. Laglínan sem fylgir þessum ljóðlínum breytir frá hinum ljúfu tónum sem voru áður og má glögggt heyra örvæntingu og eftirsjá hans. Hann er tár votur og titrandi eftir að hafa snúið baki við kaffinu og má túlka það sem vísun í koffínfráhvörf sem fólk upplifir þegar það hættir að drekka kaffi. Ljóðmælandinn sér fegurðina sem kaffið færir honum í hverjum bolla. Hann sér hamingjuna, fegurðina og allan heiminn speglast í svörtu kaffinu.

Svipaða íróníu má sjá í laginu „Bankabókarblús“ sem er einskonar útfararljóð um bankabókina sem dó. Jón Karl Helgason tengir efnistökin við bankahrúnið sem varð á Íslandi.⁸⁵ Lagið er um hversdagsleikann, hann er að drekka kalda kaffilús í útibúinu og bankabókin hans

⁸⁵ Jón Karl Helgason, „Hvað er asesúlfam-k?“

er tóm. Hann biður vini sína að leggja inn á sig til að aðstoða sig. Hann syrgir bankabókina og biður í loka erindinu:

Kæru félagar, gefið mér pláss,
pínu frið og ró
meðan syrgi ég
-bankabókin dó.

Írónían felst í því að syrgja bankabók, sem er ekki lifandi vera, eins og um manneskju eða jafnvel gæludýr væri að ræða.⁸⁶ Írónían heldur síðan áfram ef þessi tvö lög, „Bankabókarblús“ og „Tíu dropar“, eru borin saman þar sem annað er ástarkvæði og hitt sorgarkvæði, bæði samið um og til einhvers sem er ekki lifandi vera.

3.3 Náttúran og borgin

Náttúran andspænis borgarlífinu kom sterkt fram á tímum rómantísku stefnunnar. Borgir tóku að spretta upp og þéttast og íbúar þeirra sáu náttúruna í hyllingum sem minnti þá á einfaldari tíma. Skáldin lofuðu náttúruna og sveitina í textum sínum.⁸⁷

Hjá Moses Hightower eru sveit og borg andstæður í sjálfu sér. Sumstaðar er borgin lofuð og allt sem finnst í henni en stundum er hún löstuð. Náttúran er þannig á sama hátt lofuð og löstuð. Það má greinilega sjá í textanum „Fjallaloft“ þar sem ljóðmælandinn sér ekki hvað er svona sérstakt við náttúruna. Hann er aðeins þar því að það er eitthvað annað sem dregur hann þangað en náttúran sjálf. Nema kannski það megi snúa út úr orðinu *náttúra* þar sem að það er konan sem að dregur hann og *náttúran* sé þá ástin og kynlífið með henni frekar en náttúran sem er allt í kringum hann.⁸⁸ Með undirleiknum í laginu heyrast í fuglasöng sem hrífur áheyrandann beint út í náttúruna með ljóðmælanda. Taktinum í viðlaginu má líkja við fótatak hjá þeim sem drattast áfram í fjallgöngu. Um leið talar hann beint við ferðafélaga sinn, sem er kona, um hvað hún elski náttúruna og sé ekki þreytt eða svöng heldur sé fersk og leiðist ekki náttúran eins og honum. Með taktbreytingunni er ef til vill verið að vísa í fótatakið hjá ljóðmælanda og hlustandinn er þar með kominn við hliðina á honum. Hann finnur til samkenndar með honum og færast þannig nær textanum.

Í titillagi plötunnar *Búum til börn* er einnig minnst á náttúruna þar sem ræddar eru barneignir. Í lok lagsins eru línurnar „berum ávöxt, verum frjó“ þar sem er augljós vísun í

⁸⁶ Katrín Jakobsdóttir, „Þeir skulda mér og þér, þjóðinni allri: Hrunið í íslenskum dægurlagatextum“, *Vatnaskil í hrynheimum*, ritstj. Jón Ólafsson og Jakob Frímann Magnússon, Reykjavík: Félag tónskálda og textahöfunda, bls. 4-10, hér bls. 6.

⁸⁷ Halldór Guðmundsson, ritstj., *Íslensk Bókmenntasaga III*, Reykjavík: Mál og menning, 1996, bls. 255-256.

⁸⁸ Mörður Árnason, *Íslensk orðabók, M-Ö*, „náttúra“, náttúra er kynhvöt.

náttúruna, bæði í móður náttúru sem er með frjóan jarðveg og skapar plöntur og tré sem á vaxa ávextir, auk náttúru mannsins sem er frjór og ber af sér ávexti sem eru börnin.

Lagið „Bílalest út úr bænum“ fjallar um það hvað borgin er orðin þreytt og lúin og að það sé tímabært að taka sér bíltúr út úr henni og í sveitina. Þar er hægt að slaka á og „uppspretta er yndis alla leið útvarpið í sjálfrennreið.“ Sjálfrennreið vísar í gamla tíma þegar allt var einfaldara, tíma rómantíkurinnar og nýsköpunar í íslensku máli. Bílalestin vísar í þá röð bíla sem er að finna þegar fólk ákveður að fara úr borginni aftur í upprunann úti á landi, hvort sem það er í tjaldútilegu eða sumarbústað. Þessi þrá borgarbúa að ná tengingunni aftur við náttúruna er eitthvað sem margir geta samsamað sig við og tengja þá við tilfinninguna í textanum. Í textanum má jafnframt sjá andstæður settar upp með þeim hætti að endurnar eru sjálfdauðar og helgarpabbarnir teyma helgarbörn í spreng í borginni á meðan í sveitinni megi finna lifaðar kindur og í sólskininu sveima flugur sem bjóða góðan dag.

Í laginu „Sjáum hvað setur“ er borgarlífið hinsvegar lofað. Þar birtast myndir af kappklæddum túristum og börnum með íspinna ásamt því að miðbæjarmömmurnar dreypa á mokka. Þessar og fleiri manngerðir sem getið er um í textanum má sannarlega finna á sólríkum degi í miðbænum. Því getur maður séð sviðsetninguna ljóslifandi fyrir sér. Myndræn framsetningin á borgarlífinu blandast síðan söknuði eftir ástvini sem ljóðmælandi skildi við haustið áður.

Borgin heldur áfram að vera yrkisefni hljómsveitarinnar í laginu „Háa C“ þar sem bærinn er að vakna um morguninn, klárar úr fyrsta bolla og teygir úr sér. Persónugerving borgarinnar vísar í hversu lifandi hún er. Ljóðmælandi leggur af stað út í daginn á undan öllum. Mannmergðinni í borginni er líkt við háflóð sem sækir á ljóðmælanda. Þetta má túlka að honum finnist hann vera einmanna í þessari fjölmennu borg og syndi einhvern veginn á móti straumnum. Söknuður eftir ástvini sem kemur einnig fram í textanum eykur á einmannaleikann sem ljóðmælandi finnur fyrir.

Muninn á miðbænum og úthverfinu má finna í laginu „Vandratað“ og má þar sjá hvernig ljóðmælandi samsamar sjálfan sig með miðbænum en ástarviðfang hans er eins og úthverfið. Miðbærinn er sagður vera harður og myrkur en úthverfið bjart og mjúkt með „bjarta, breiða götu þar sem/ ljósastaurarnir lykta vel.“ Það má lesa í textann að ljóðmælandi sé búinn að vera að skemmta sér í miðbænum og er á heimleið þegar „lognið blæs“ honum í áttina til ástarviðfangsins sem býr í úthverfi. Það að lognið geti blásið honum áfram er í sjálfu sér andstæða og írónía í textanum.

Hljómsveitin tekur þannig ólíkar birtingarmyndir Reykjavíkurborgar fyrir í mörgum laga sinna. Þegar talað er um Mjóddina koma strax nokkrar myndir upp í hugann á þeim sem þekkja

til. Mjóddin getur verið merkingarþrungið orð. Það má segja að maður tengi um leið staðinn við strætisvagnabiðstöð, kvikmyndahús, fólkið sem umgengst staðinn og hverfið í kring sem er seint hægt að segja að beri með sér mikinn sjarma. Það er því frekar neikvæð ímynd sem staðurinn ber með sér. Í textanum við lagið „Mjóddin“ er ljóðmælandi að segja frá því að hann var týndur í lífinu en svo frelsaðist hann og sá ljósið. Hvað það var sem hann sá eða upplifði, frelsaðist frá, kemur ekki fram en maður gerir sér í hugarlund að það sé andstæðan við það sem hann segir sig hafa verið. Af því má draga ályktun að hann sé núna betri manneskja en hann áður var eftir að hafa verið týndur. Hann hefur séð að hann var að kúldrast í duggunni (þjóðarskútunni), í muggunni, rokinu og slyddunni eins og íslenska veðráttan er. Hangandi í Mjóddinni í bíó, „týndur aumur einstæðingur“ sem sá loks ljósið. Ljósið gæti þá verið að hann fór til útlanda og kynntist annarri menningu eða jafnvel gæti ljósið verið vísun í stelpu eða konu sem hann varð skotinn í. Músíkin breytist undir lok lagsins og minnir á gospelsöng þegar hann segist vera frelsaður þar sem margradda kór syngur bakraddir.

3.4 Samskipti kynjanna

Annað þema sem sést í lögum Moses Hightower eru samskipti kynjanna. Hvort sem það er ást, ástarsorg, rifrildi, hrifning eða annað er það umfjöllunarefni sem skýtur upp höfðinu hvað eftir annað. Áheyrandinn hlýtur að tengja við þessar tilfinningar þar sem þær skipa eflaust háan sess í tilfinningalífi flestra jarðarbúa.

Í laginu „Feikn“ er verið að lýsa þegar ljóðmælandi kemur heim eftir rifrildi við maka sinn. Hann veit ekki hvernig viðbrögðin munu vera þegar hann kemur heim og sér eftir orðunum sem hann lét falla. Hún tekur þó á móti honum með því að „glott[a] út í annað/eftir smá/ og gefur [honum] svo fimm“ þannig að allt endar vel. Þar eru einnig „feikna ský/ sem frussa oss á“ sem er einfaldlega hægt að túlka þannig verið að það sé rigning úti. Hinsvegar er hægt að kafa dýpra í túlkunina og segja að frussandi ský sé vísun í rifrildið þar sem þeim er heitt í hamsi geta oft frussað orðunum út úr sér. Framhaldið á erindinu segir að skýin „mættu sér halda í/ héðan í frá“ sem mætti þá túlka sem eftirsjá eftir orðunum sem frussuðust út í rifrildinu. Þetta er dæmi um tvöfalda merkingarvirkni þar sem túlkun á orðum fer eftir bakgrunni lesandans. Hann gæti einfaldlega lesið frussandi skýin sem rigningarský og það væri nóg fyrir lesandann eða hann gæti gefið frussandi skýjunum dýpri merkingu, eins er gert í þessari túlkun.

Strax í næsta lagi á plötunni *Fjallaloft* kemur lagið „Skyttan“ þar sem líka er verið að tala um rifrildi milli pars. Sambandið sem er þar lýst má túlka sem frekar óheilbrigt og virðist vera mikill blóðhiti í þeim eins og má sjá í þessu textabroti:

Við erum ljóta parið:
ég loga af heift og pirri
og þú ornar þér við yl þess.

Það má skynja einhverskonar masókista brag af þessum ummælum þar sem annar aðilinn fær eitthvað út úr því að rífast við makann. Í viðlaginu sést að ljóðmælanda langi til að svara skotinu sem hún hæfir með orðum sínum á hann en getur ekki sett saman orðin til þess.

Afbryðisemi ljóðmælandans í garð annarra sem ganga með grasið í skónum á eftir ástarviðfangi hans má sjá í textanum við lagið „Reynimelur“. Í upphafi textans kemur í ljós að hann er ekki á staðnum þar sem hann biður fyrir kveðju og vonar hann að öllum heima heilsist vel, öllum nema þeim sem elta hana, rangeygir af ást, á Reynimel og eru. Upphafið minnir á ljóð Jónasar Hallgrímssonar *Ég bið að heilsa* sem er saknaðarljóð til Íslands og passar það við að ljóðmælandi er ekki á landinu.⁸⁹ Það mætti ef til vill lesa eitthvað meira í orðið *Reynimel* en að það sé götuheiti í Reykjavík. Þeir sem elta hana þar eru augljóslega að *reyna* við hana og svo er orðið *melur* notað sem skammaryrði um karlmann.⁹⁰ Því eru þetta ef til vill einhverjir refir með silfurtungur að reyna við hana og ljóðmælandinn er greinilega óöruggur. Hann heldur að „kanski skjallar einhver [hana]/ögn fallegar en [hann]“ og nái að stela henni af ljóðmælandanum þar sem hann virðist vera víðsfjarri eins og kemur fram í upphafi.

Söknuð og eftirsjá má síðan finna í laginu „Háa C“ þar sem ýjað er að því að ástarsambandið sem ljóðmælandinn er í sé á enda og hann þurfi að fara að hugsa um makann í þátið, „eins og næturvaktina í Nóatúni.“ Sú ljúfsára tilfinning sem hann segir frá „að eina hönd sé umfram aðrar/ gott að halda í“ um leið og hann sér annað fólk leiðast um bæinn, sýnir söknuðinn sem hann ber með sér.

Lokalag plötunnar *Önnur Mósebók* nefnist „Byrjar ekki vel“ og er textinn frekar þunglyndislegur þar sem örvæntingin er allsráðandi. Jón Karl greinir áhrif frá Steini Steinarr og ljóði hans *Utan Hringsins*.⁹¹

Ég geng í hring
í kringum allt sem er.
Og innan þessa hrings
er veröld þín.

Minn skuggi féll um stund
á gluggans gler.

⁸⁹ Jónas Hallgrímsson, „Ég bið að heilsa“, *Ljóðaperlur/ Jónas Hallgrímsson*, ritstj. Valgerður Benediktsdóttir, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1996, bls. 52-53.

⁹⁰ Mörður Árnason, *Íslensk orðabók, M-Ö*, „melur“.

⁹¹ Jón Karl Helgason, „Hvað er pólýúteran?“

Ég geng í hring
í kringum allt, sem er.

Og utan þessa hrings
er veröld mín.⁹²

Í lok texta „Byrjar ekki vel“ sést hvað það er sem Jón Karl sér speglast í kvæðunum. Ljóðmælandinn stíkar í hringi á meðan hann bíður eftir einhverju.

Það fer mér ekki vel
að farast svona úr áhyggjum.

Það fer mér ekki vel
að finna til í iljunum,
samt geng ég í hring eftir hring
og bíð.

Ljóðmælandinn í textanum hjá Moses Hightower gengur í hringi, stefnulaus og ráfandi. Biðin hans eftir einhverri stefnu og tilgangi er sár og honum verkjar í iljarnar.

Í texta lagsins „Upp til að anda“ er ljóðmælandi að kafa í mannhafinu í leit að perlu. Textinn er ljóðrænn og dregur upp fallegar myndir. Ljóðmælandinn gæti þar verið innan um mikið af fólki, í mannhafi, og leitar hinni einu og sönnu perlu, sem getur verið kona. Hann kemur upp til að anda ef lungun á honum eru að brenna. Ljóðmælandi er búinn að velta við hverjum steini til að finna perluna. Hann vonar að hann strandi ekki og endi einn á þurru landi. Hann hættir ekki að leita að perlunni sinni.

Í textunum koma ekki fram einkenni þeirra sem verið er að syngja um og því eru textarnir fremur opnir til túlkunar. Ekkert samband er á milli þeirra sem gefur til kynna að þar sé ávallt verið að yrkja um ástarsögu tveggja ákveðna einstaklinga. Í grein sinni tengir Jón Karl þó saman textana við „Inn um gluggann“ og „Sjáum hvað setur“ sem koma fram í þessari röð á plötunni *Önnur Mósebók*. Segir hann að úr textunum megi lesa framhaldssögu, annars vegar um sambandsslit í fyrri textanum og hins vegar um söknuðinn að liðnum vetri eftir sambandsslitin í þeim seinni.⁹³

3.5 Orðaleikir

Það sést á textasmíðinni hversu gott vald Steingrímur og Andri hafa á íslenskri tungu. Þeir leika sér að orðum og orðatiltækjum og láta hrynjanda tungumálsins mynda taktinn ásamt tónlistinni.

⁹² Steinn Steinarr, *Ferð án fyrirheits*, Reykjavík: F.F.A., 1956, bls. 177.

⁹³ Jón Karl Helgason, „Hvað er pólýúteran?“

Steingrímur vinnur við að þýða texta þannig að hann hefur góð tök á tungumálinu. Ýmis orð sem eru ekki notuð í daglegu máli fá því að njóta sín í þessum dægurlagatextum.

Hrynjandinn kemur vel fram í lokaerindi lagsins „Trúnó“ þar sem orð eru látin slá taktinn og breytist takturinn í laginu rétt fyrir erindið.

Hann ber af sér blak frá makanum.
Þau takast á: Hvort skuli saka um
þakið sem hrakar í rakanum?
„En ég makaði á það fram og til baka, ha?
Vertu ekki hengjandi smíð fyrir bakara!“

Hér sést hvernig textasmiðurinn notar -ak- og -aka- í orðum ásamt stuðlasetningu til að slá reglulegan takt í erindinu. Aðeins fyrr í textanum eru þeir búnir að gauka að áheyrendum setningunni „og einhvers andadýr er panda“ þar sem anda- og panda er látið ríma og standa nálægt hvort öðru þannig að það rúllar á tungunni eins mjúkur tungubrjótur.⁹⁴ Einnig er takturinn í undirleiknum stopull og óreglulegur á kafla sem lýsir ölvuðu ástandinu sem fólkið á trúnó er oftast en ekki í.

Írónían er sögð næstum því með beinum orðum í „Fjallaloft“ þar sem verið er að tala um gæsir.

Og löppum sínum óþolandi gæsir beita
á írónískan máta
beggja vegna sólarlags.

Þarna er orðaleikur með orðið *gæsalappir* sem gæsirnar setja utanum sólarlagið. Inntak textans er, eins og áður segir, að ljóðmælanda þykir ekki mikið til náttúrunnar koma og því setur hann sólarlagið inn í óþolandi gæsalappir. Írónían hér felst í því að taka eitthvað sem er bókstaflegt, eins og raunverulegar lappir á gæsum og sýna fáránleikann í því að setja þær utanum sólarlagið eins og maður myndi gera í texta á þessa leið -,sólarlag“- . Því eru gæsalappir og gæsalappir ekki það sama þar sem annað er fótur á fugli og hitt er greinarkerki. Við þetta má bæta að gæsalappir eru oft notaðar í rituðu máli til þess að merkja íróníu.

Vanalega þegar maður hugsar um að eitthvað sé stjaksett þá koma afhoggin höfuð á spjótum á miðaldatímum fyrst í hugann. Í „Mannhöfin sjö“ má hinsvegar heyra um stjaksetta ostbita sem stara á ljóðmælandann af stórum bökkum. Fyrsta erindið í laginu er á þessa leið:

Stórum af bökkum
stara mig á
stjaksettir ostbitar.

⁹⁴ Jakob Benediktsson, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 215.
Þetta gæti einnig flokkast undir lárétt innrím þar sem rímið er innan sömu línunnar.

Orðið ostbitar er eina breytan til þess að sjá allt aðra mynd í huganum. *Bökkum* getur vísað til árbakka þar sem stjaksett höfuð stara tómum augum á þá sem fara þar framhjá. Um leið og orðið *ostbitar* er sett fram hverfur sú hryllilega mynd og maður sér fyrir sér silfurfat með fallega skreyttum ostbitum í veislu. Auðvitað eru ostbitar stjaksettir þegar búið er að reka þá í gegn með tannstöngli en einhvern veginn er stjaksettir ekki orðið sem maður myndi grípa til.

Framandgervingin í textanum við lagið „Vandratað“ kemur meðal annars fram þegar ljóðmælandi talar um að lognið blási honum áfram og að ljósastaurarnir lykti vel í úthverfinu þangað sem för hans er heitið.⁹⁵ Þessi fáránleiki í textanum lætur áheyrandann taka betur eftir honum og hlusta nánar.

Í laginu „Snefill“ er ljóðmælandi andvaka við hlið makans sem steinsefur. Þar má sjá vísunina „urtubarn í útskersvist/ er að lognast útaf“ sem er tekið úr þekktri íslenskri barnagælu.⁹⁶ Í textanum má finna orðaleiki og íróníu. Til dæmis „áir sátt í örmum mér/ ásamt náladofa“ þar sem hún liggur ofan á hendina hans en hann er með náladofa sem er mjög óþægilegt. Þar eru írónískar andstæður, sofandi maki hans sem hann ann og náladofinn sem hann ann ekki. Þessar andstæður stangast á og hann er öfundsjúkur yfir því að hún geti sofið en ekki hann. Hann furðar sig einnig á því „hve þú talblöðruna í/ getur teiknað zetur!“ Þar sér hlustandi fyrir sér teiknaða talblöðru með (-zzzz-) eins og hún kemur fyrir í teiknimyndum.

Orðaleikurinn í laginu „Geim“ felst í því að notkunin á orðinu geim hefur tvær merkingar. Annarsvegar er það geimurinn sem halastjarnan og Júpíter eru í og hinsvegar er það orðatiltækið -að vera geim- sem þýðir að vera til í eitthvað, þar sem geim er tekið frá enska orðinu game.

Hægt er að sjá svipaða myndlíkingu í textum við lagið „Mannhöfin sjö“, „Háa C“ og „Upp til að anda“ þar sem fólki er líkt við haf og því er verið að leika sér með orðið mannhaf sem er haft um margmenni.

Síðasta lagið á plötunni *Önnur Mósebók* nefnist „Byrjar ekki vel.“ Ákveðin írónía er í því að láta síðasta lagið heita „Byrjar ekki vel.“ Í textanum kemur fyrir orðatiltækið „óbitið úr nálinni“ sem vísar í gamla þjóðsögu.⁹⁷ Samkvæmt henni segir líkið „þú átt eptir að bíta úr nálinni“ þegar búið var að sauma um það líkklæði. Saumakonan svarar honum með því að stinga nálinni í il líksins til þess að manneskjan gangi ekki aftur.⁹⁸ Seinna í textanum segir

⁹⁵ Jakob Benediktsson, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 90.

Framandgerving er þegar eitthvað í textanum er gert framandi, það er tekið úr sínu umhverfi eða hlutverki og sett í nýtt og þannig gert framandi fyrir lesandann. Þannig varpar textinn nýju ljósi á það sem var áður kunnuglegt.

⁹⁶ Sveinbjörn Egilsson, „Sofa urtu börn á útskerjum“, *Vísnaþókin*, ritstj. Símon Jóh. Ágústsson, Reykjavík: Iðunn, 2009, bls. 35.

⁹⁷ Halldór Halldórsson, *Íslenzkt orðtakasafn*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1991, „Bíta úr nálinni“.

⁹⁸ Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*, Leipzig: J.C. Hinrichs, 1862-1864, bls. 226.

ljóðmælandi að hann finni til í iljunum og gæti það verið vísun í þessa þjóðtrú. Orðatiltakið þýðir í þessu samhengi að ljóðmælandi eigi eftir að fá að kenna á afleiðingum einhvers.

3.6 Hughreysting og viskuorð

Annað þema sem má sjá í textum Moses Hightower er þegar textarnir eru einskonar hughreysting eða viskuorð til áheyrandans. Honum er sagt að þó að allt sé ómögulegt þá muni það batna að lokum. Það verði bara að harka af sér á meðan stormurinn gengur yfir og svo birtir til um síðir. Þetta má meðal annars sjá í laginu „Fer sem fer“ þar sem einhver breyting er í vændum og eftirsjá gerir vart við sig varðandi þá leið sem varð fyrir valinu. Ljóðmælandinn segir að þrátt fyrir annað álit áheyrandans, þá er það sem er liðið bara ágætt og það er ekkert sem hægt er að gera í því. Erfiðleikarnir eru að baki og hjartir tímar framundan.

Þú stikar gegnum hvítan kafaldsbyl
í átt að sætu blankalogni og sólaryl
og best af öllu er vissan að
þú loksins lagður sért af stað.

Breytingin er á næsta leiti þar sem ljóðmælandinn fullvissar áheyrandann um að hann sé lagður af stað í átt að breytingunni og allt muni breytast til hins góða.

Svona hughreystingu og viskuorð má einnig sjá í laginu „Suma daga“ þar sem breytileiki lífsins er í forgrunni. „Suma daga siglir hjartað lygnan sjá,/ en suma daga andar ósköp köldu.“ Stundum gengur lífið vel en stundum er það erfitt. Dauðinn er óumflýjanlegur og dagarnir koma og fara, hvernig sem þeir eru og „í limbó undir sjónarrönd fer sólin mín/ með réttu eða röngu.“ Textinn er ljóðrænn og djúpur og hlustandinn getur tengt vel við hann þar sem flestir hafa án efa upplifað þetta limbó í eigin lífi.

Í laginu „Stutt skref“ er hlustanda sagt að flýta sér hægt og vera ekki með fljótfærni. Þetta er góð áminning og vísar í núvitundar hugmyndafræðina þar sem á að lifa í núinu en ekki þeytast áfram með æðibunugangi.

Taktu stutt skref,
vertu ekki að flýta þér.
Það liggur lítið á
svo taktu stutt skref
og sjáðu bara hvernig fer.

Þessi vísuorð eru áminning um að taka lítil skref í einu og fara sér hægt. Það er betra að fara hægt og taka eftir því sem er að gerast í kringum sig en að þjóta áfram. Jón Karl Helgason líkir

textanum í „Stutt spor“ við *Hávamál* í grein sinni þar sem ljóðmælandi segir þeim sem hann talar við að stíga varlega til jarðar á för sinni í gegnum lífið.⁹⁹

Textinn við lagið „Troðinn snjór“ er sömuleiðis áminning og fjallar um að það þurfi ekki að finna upp nýja slóð í lífinu heldur sé í lagi að „troða troðinn snjó.“ Þó aðrir hafi farið götuna á undan þér þá hefur enginn stigið sporin sem þú stígur í slóðann. Því er hver og einn einstakur þó hann gerir eitthvað sem aðrir hafa gert á undan honum því að það er einstaklingurinn sem gerir það. Þessi áminning er hughreystandi fyrir hvern þann sem heldur að til þess að marka sitt spor í heiminum þurfi sífellt að koma með nýja uppgötvun og vera einstakur. Textinn er „hugleiðing um það hve lífið er útjaskað og ófrumlegt [...] allt hefur verið gert, sagt og reynt,“ eins og Jón Karl kemst að orði.¹⁰⁰

Lagaheitið „101 ósómi“ vísar í pósthúmerið 101 í Reykjavík sem er í daglegu tali kallað miðbærinn. Þar er verið að tala um að fara á rúntinn sem felur í sér að keyra, oft löturhægt, niður Laugavegin og skoða mannlífið. Það kemur fyrir að þegar boðið er á stefnumót feli það í sér að fara á rúntinn. Um það er verið að tala í textanum þar sem ljóðmælandi talar um að það sé hvort eð er allt svo ömurlegt í heiminum að þau geti alveg tekið sénsinn á því að fara á stefnumót. Bölsýninni er kollvarpað með von um ástina og þrátt fyrir allt hið illa í heiminum er í lagi að slaka á og njóta þess góða með þeim sem manni þykir vænt um. Textinn er í einskonar ferskeytlu formi þar sem hrynjandið í erindunum er taktfastur.¹⁰¹ Einnig má sjá stuðlasetning og endarím í flestum erindunum.¹⁰²

Á fyrstu plötu hljómsveitarinnar *Búum til börn* er angurvært lag sem heitir „Örlítið lag“ og hefst textinn á orðunum „Ég ætlaði að skrifa bréf/ en ég er ekki með neinar hendur“ og því ætlar ljóðmælandinn að raula lítið lag í staðinn. Honum finnst ekki mikið til sín koma í textanum en þó kemur einskonar heilræði í lokin. Hann er greinilega að gera tilraun til að ná athygli einhvers en finnst hann ekki hafa burðina til þess. En hann vill ekki gefast upp því honum var kennt sem ungum dreng að „aldrei að segja aldrei.“ Ljóðrænan í textanum er einlæg og þessi texti er með fyrstu textunum sem örlar á ljóðrænu og dýpt. Með þessum texta er því hægt að marka upphafið að því þegar hljómsveitarmeðlimir snerta á ljóðrænu í textum sínum sem eykst síðan með hverri útgefinni plötu.

⁹⁹ Jón Karl Helgason, „Hvað er pólýúteran?“

¹⁰⁰ Jón Karl Helgason, „Hvað er pólýúteran?“

¹⁰¹ Jakob Benediktsson, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 84.

Ferskeytla er elsti og algengasti bragarhátturinn þar sem eru fjórar línur í vísu sem skiptast á að vera þrjár eða fjórir bragliðir í línunum.

¹⁰² Jakob Benediktsson, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 215 og 265.

Stuðlasetning er „endurtekning á sama eða samskonar hljóði í upphafi áhersluatkvæða“. Tveir stuðlar eru í fyrri línu og höfuðstafir í þeirri seinni. Endarím er rím í enda braglína og skiptist í runurím (aabb) eða víxlrím (abab).

3.7 Plöturnar í heild

Ef plöturnar eru skoðaðar í heild má sjá hvernig líf hljómsveitarmeðlima Moses Hightower endurspeglast í tónlistinni samhliða þess er þeir eldast og þroskast. Umræðuefnin í textunum þróast í takt við það hvernig hljómsveitarmeðlimir verða reyndari í lífinu.

Á fyrstu plötunni *Búum til börn* er mikill húmor, grín og glens. Ást og írónía einkennir textana sem eru léttir, orðaleikirnir eru skemmtilegir og lítið sést af bölsýn. Ljóðlínurnar eru oftast fjórar línur eða lengri og endarím og stuðlun sést í flestöllum textunum. Það örlar á ljóðrænu í textunum en þeir eru annars frekar einfaldir söngtextar. Þeir fara ekki mjög djúpt og auðvelt er að lesa úr þeim hvað er verið að segja.

Önnur plata þeirra *Önnur Mósebók* er heldur sorglegri þar sem sambandslit og eftirsjá einkenna hana. Mikið er um hughreystingar í textunum og dimmt er yfir þeim. Það er auðséð að textagerðarmennirnir eru orðnir sjóaðri í lífinu og hafa fengið að kynnst ýmsum hliðum þess. Írónían en þó aldrei langt undan og sjá má glitta í birtuna, ástina og gleðina þrátt fyrir þungann. Ljóðrænan í textunum er sterkari og það sést að þeir hafa verið að prófa sig áfram með að semja dýpri texta við lögin.

Jón Karl Helgason segir einmitt í grein sinni að hann taki eftir breytingu milli fyrstu og annarar plötu þeirra í Moses Hightower. Hann segir að „í stað ólíkindalátanna og grallarskapsins á *Búum til börn* er tregablandinn ástar- og saknaðartónn áberandi. Ljóðmælandi er orðinn göngumóður, hann hefur brennt sig á eldi ástarinnar, það sviður en er um leið svolítið lærdómsríkt.“¹⁰³

Platan *Fjallaloft*, og þá aðallega seinni partur hennar, er mjög ljóðræn. Meðlimir hljómsveitarinnar virðast hafa þroskast mikið og lært af lífinu á þeim árum sem líða á milli platnanna. Textarnir eru miklu dýpri en áður og myndu sæma sér vel í ljóðabók. Hljómsveitameðlimirnir eru orðnir eldri og reyndari, má jafnvel gæla við snemm-miðaldra (ef það hugtak er til) en þó samt alltaf ungir í anda. Lagið „Ellismellur“ er nýjasta lag þeirra þegar þetta er skrifað. Það kom út eftir plötunni *Fjallaloft* og er einskonar lofgjörð til miðaldra úthverfafólksins. Hvort þeir samsami sig orðið með þeim þjóðfélagshóp er órátt en það setur þroskann á plötunni *Fjallaloft* í samhengi. Trúnó, náttúran, ástin, rifrildi, þroski eða frelsun, afbrýðisemi, upp- og niðursveiflur í lífinu, hughreysting og aðdáun er það sem má sjá á plötunni. Það má segja að hún sé eins og ástarsaga í sjálfu sér þar sem mætti ímynda sér

¹⁰³ Jón Karl Helgason, „Hvað er pólýúteran?“

manneskju sem gengur í gegnum þetta ferli. Hún fer á trú nó, verður ástfangin, upp kemur ágreiningur, hún öðlast þroska í gegnum reynsluna því núna veit hún betur, hún verður afbrýðisöm, sveiflast upp og niður á milli bjartsýni og svartsýni. Að lokum endar hún í bjartsýni og hughreystingu og lýsir yfir aðdáun á annarri manneskju. Hringrásinni er lokað sem getur síðan endurtekið sig aftur og aftur með nýjum viðfangsefnum.

Írónían heldur auðvitað áfram á plötunni *Fjallaloft* og laumar sér inn í textana. Þó virðast textarnir vera alvarlegri og einlægari. Þeir eru einnig ljóðrænni og óræðari. Uppsetningin á þeim er einfaldari, ljóðlínurnar eru styttri ef miðað er við fyrri texta. Þeir virðast því vera að færa sig úr því að vera að semja sönglagatexta þar sem mörg erindi með fjórum línnum og viðlagi skiptast á, og yfir í að hallast frekar að styttri línnum, meiri ljóðrænu og því verður uppistaðan í lögnum frekar tónlist en texti. Textinn er þá hnitmiðaðri og skarpari fyrir vikið.

Á plötunni *Mixtúrur úr Mósebók* fengu aðrir listamenn að fara frjálsum höndum um texta og lög Moses Hightower. Textinn er þá brotinn upp og brotunum annað hvort stokkað upp eða aðeins eitt brot eða lína endurtekin og jafnvel er nýr texti búinn til út frá einu broti. Til dæmis er þeytingur (remix) Sin Fang Yung Boize á laginu „Góður í“ einungis með eina línu úr texta upprunalega lagsins, „Nei, kemur ekki til greina/ nei, ég fer ekki heim“ sem kemur einu sinni fyrir í laginu. Annars er lítið annað sem tengir það við upprunalega lagið. Við það að stokka textanum upp missir hann fyrri þýðingu sína og getur þá fengið á sig nýja sýn og túlkun. Aðrir listamenn taka hinsvegar allan textann og laglínu en setja sitt kennimerki á heildarlagið. Til dæmis eru þeytingarnir frá Sóley og Retro Stefson í þeim dúr.

Daníel sagði nýverið skilið við hljómsveitina og því eru Andri, Steingrímur og Magnús orðnir kjarni hljómsveitarinnar. Á tónleikum fá þeir með sér ýmsa tónlistarmenn til að manna stöðurnar sem á vantar. Heimildarmynd og ný plata eru væntanlegar á næstunni og verður því forvitnilegt að sjá hvernig þróunin á textunum verður.

Niðurstöður

Í þessari ritgerð hef ég reynt að skilgreina hver tenging er á milli ljóðs og söngtexta með því að skoða sameiginlega sögu þeirra í lýrikinni og greina söngtexta Moses Hightower eins og um ljóðmæli væri um að ræða. Með því að kafa dýpra í söngtextana kom ýmislegt í ljós.

Textastíllinn hjá Moses Hightower er líkur ljóðum en þeir fylgja sjaldan stífum bragreglum. Þó er mikið um endarím og stuðlun en annars er stíllinn frekar frjáls. Þegar horft er á textana á blaði minna þeir á ljóðtexta nútímaskálda þar sem hvert vers er oft tvær til fjórar línur en geta einnig verið óreglulegar innan sama ljóðs.

Eins og segir hér að ofan hafa textarnir þróast mikið út frá því að vera hefðbundnir og yfirborðskenndir dægurlagatextar yfir í að verða djúpir og ljóðrænir textar. Tenging söngljóðsins og ljóðsins við lýrikina, eins og var útskýrt hér að framan er því að finna í ljóðleika dægurlagatextans. Textinn getur verið djúpur, með myndhverfingum og öðru sem fyrirfinnst í ljóðtexta. Músíkin sem er sett við textann er því til að auka tilfinninguna á textanum. Hún getur haft áhrif á það hvort að lagið virkar á hlustandann sem hressst danslag eða angurvært og tilfinningaþrungioð lag. Þó getur textinn verið úr samhengi við músíkina og umfjöllunarefni textans verið tilfinningaríkt þó að músíkin sé hress og skemmtileg og er ákveðin írónía þegar það er gert. Líkt og þegar ljúf tónlist er spiluð undir ofbeldisfull atriði í bíómyndum.

Hvernig þeir nota íróníuna í textum sínum lyftir þeim upp á nýtt plan. Sá sem hlustar á lagið og textann þarf að meta það sjálfur hvort textinn sé settur fram í gríni eða alvöru og þarf því alltaf að vera á tánum með sína túlkun. Það hjálpar auðvitað ekki við túlkunina hvað hljómsveitarmeðlimirnir eru kaldhæðnir og írónískir í öllu sem þeir segja og gera, sérstaklega á tónleikum og í viðtölum.

Af þessu má sjá að söngtexti og ljóð eru nátengd form sem hafa sameiginlega snertifleti og því er sannarlega hægt að greina söngtexta sem ljóð. Greining textana dýpkaði fyrir mér skilninginn á þeim og opnaði nýjan vídd inn í textaheim hljómsveitarinnar. Ég hlusta öðruvísi á lögin núna og líkar jafnvel betur við þau en áður. Vinnsla þessarar ritgerðar hefur verið mjög lærdómsrík og tel ég að hún muni nýtast mér mikið í framtíðinni.

Heimildaskrá

- Auður Albertsdóttir, „Þetta er allt í kjötmóðu“, *Monitor*, 6. febrúar 2014, bls. 11-14.
- Bankov, Dimitar, „Statistics: Most Used Words In Lyrics By Genre“, *codingintune.com*, 9. apríl 2018, sótt 5. maí 2019 af <http://codingintune.com/2018/04/09/statistics-most-used-words-in-lyrics-by-genre/>
- De Man, Paul, „The Concept of Irony“, *Aesthetic ideology*, Paul De Man, Minneapolis/London: University of Minnesota Press, 1997, bls. 163-184.
- Íslensku tónlistarverðlaunin, „Fyrri verðlaunahafar“, *iston.is*, sótt 15. mars 2019 af <http://iston.is/fyrri-verdlaunahafar/>
- Halldór Guðmundsson, ritstj., *Íslensk Bókmenntasaga III*, Reykjavík: Mál og menning, 1996.
- Halldór Halldórsson, *Íslenzkt orðtakasafn*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1991.
- Halldór Laxness, „Formáli: sem er þó aðeins persónuleg játning um kveðskap“, Ágúst Guðmundsson ofl., *Menntaskólaljóð*, Reykjavík: útgefanda ekki getið, 1965, bls. 3-6.
- Hallgrímur Helgason, *Tónmenntir, l-ö*, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins, 1980.
- Hólmfríður H. Sigurðardóttir, „Liðsmenn Moses Hightower feika það ekki“, *Föstudagur: fylgirit Fréttablaðsins*, 2. júlí 2010, bls. 4-5.
- Jakob Benediktsson, ritstj., *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, Reykjavík: Mál og menning, 2008.
- Jakobson, Roman, „Tvær hliðar tungumálsins“, *Spor í bókmenntafræði 20. aldar: Frá Shklovskij til Foucault*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991, bls. 81-92.
- Jauss, Hans Robert, og Elizabeth Benzinger, „Literary History as a Challenge to Literary Theory“, *New Literary History 2*, ritstj. Hans Robert Jauss og Elizabeth Benzinger, Maryland: The Johns Hopkins University Press, 1970, bls. 7-37.

Jónas Hallgrímsson, „Ég bið að heilsa“, *Ljóðaperlur/ Jónas Hallgrímsson*, ritstj. Valgerður Benediktsdóttir, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1996.

Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri*, Leipzig: J.C.Hinrichs, 1862-1864.

Jón Karl Helgason, „Hvað er asesúlfam-k?“ *hugrás.is*, *Hugrás, Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*, 24. febrúar 2011, sótt 15. mars 2019 af <http://hugras.is/2011/02/hvad-er-asesulfam-k/>

Jón Karl Helgason, „Hvað er pólýúteran?“ *hugrás.is*, *Hugrás, Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*, 27. mars 2013, sótt 15. mars 2019 af <http://hugras.is/2013/03/hvad-er-polyuretan/>

Jón Karl Helgason, „Skáld um skáld“, <http://uni.hi.is/jkh/>, sótt 3. maí 2019 af http://uni.hi.is/jkh/kennsla/hugtok/?fbclid=IwAR1jdyM_fxis0LquZdcBYlnM3ZsztX9-k-zaifDGrGKdMHiGInZq97DMkKU

Katrín Jakobsdóttir, „Þeir skulda mér og þér, þjóðinni allri: Hrunið í íslenskum dægurlagatextum“, *Vatnaskil í hrynheimum*, ritstj. Jón Ólafsson og Jakob Frímagn Magnússon, Reykjavík: Félag tónskálda og textahöfunda, bls. 4-10.

„Krakkaskari í Þjóðleikhúsinu: Moses Hightower sér um tónlistina í nýrri uppsetningu á Óvitunum“, *DV*, september 2013, 48.

„Moses Hightower syrgir Moses Hightower“, *Fréttablaðið*, 5. ágúst 2011, bls. 34.

Moses Hightower, „Gott Kvöld“, *spotify.com*, tónleikar Moses Hightower í Háskólabíó 22. September 2017, upptaka 0:56. <https://open.spotify.com/track/5QBD54hOQ3CVvhzRkn9NUG?si=uLEgMCM0R5-iQPWli1U2ww>

Moses Hightower, „Hljómsveitin vinnur á jarðsögulegum tíma“, *ruv.is*, viðtal tekið af Kristjáni Frey Halldórssyni, *Poppland*, RÚV, 15. nóvember 2018, , upptaka, 7:27. <http://www.ruv.is/frett/hljomsveitin-vinnur-a-jardsogulegum-hrada>

Moses Hightower, „Moses Hightower“, *moseshightower.com*, sótt 29. janúar 2019 af <http://moseshightower.com/about>

Moses Hightower, „Moses Hightower-About“, *facebook.com*, sótt 10. febrúar 2019 af https://www.facebook.com/pg/moseshightowerofficial/about/?ref=page_internal

Mörður Árnason, ritstj., *Íslensk orðabók, M-Ö*, 3. útg., Reykjavík: Edda, 2002.

Óskar Halldórsson, *Bragur og ljóðstíll*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1977.

Record Records, „Um okkur – Record Records“, *recordrecords.is*, sótt 9. mars 2019 af <http://recordrecords.is/about/>

Ricks, Christopher, „Bob Dylan is a genius – but reducing his songs to ‘literature’ is dangerous“, *The Telegraph*, 14. október 2016, sótt 15. mars 2019 af <https://www.telegraph.co.uk/music/what-to-listen-to/bob-dylan-is-a-genius--but-reducing-his-songs-to-literature-is-d/>

Shklovskíj, Viktor, „Listin sem tækni“, *Spor í bókmenntafræði 20. aldar: Frá Shklovskíj til Foucault*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991, bls. 21-42.

„Stefna ekki á heimfrægð“, *Fólk: Helgin, fylgirit Fréttablaðsins*, 27. desember 2014, bls. 4.

Steinn Steinarr, *Ferð á fyrirheits*, Reykjavík: F.F.A., 1956.

Sveinbjörn Egilsson, „Sofa urtu börn á útskerjum“, *Vísnaþókin*, ritstj. Símon Jóh. Ágústson, Reykjavík: Iðunn, 2009.

Sævar Ingi Jónsson, „Dr. Hallgrímur Helgason 100 ára“, *safnahus.is*, 3. nóvember 2014, sótt 24. apríl 2019 af <http://safnahus.is/dr-hallgrimur-helgason-100-ara-3/>

The brain from top to bottom, „Tool Module: Chomsky’s Universal Grammar“, *thebrain.mcgill.ca/avance.php* sótt 24. apríl 2019 af http://thebrain.mcgill.ca/flash/capsules/outil_rouge06.html

Turner, Katherine L., „Intoduction: The Sound of Irony/The Irony of Sound“, *This is the sound of irony: music, politics and popular culture*, Katherine L. Turner ritstj., Bretland: Ashgate, bls. 1-16.

Viðauki

Búum til börn (2010)

1. 101 ÓSÓMI

Gæfan er svo fallvölt
og gleðin er svo naum.
Veröldin er grimm
og óárennileg.
Hamingjan er stopul,
mannskepnan er aum,
veðráttan er vond
og verstur allra er ég
en lítum framhjá því.
Þá held ég ekkert mæli móti því,
ekkert sem mig rekur minni í,
ekki neitt,
að slaka aðeins á
þó að veröldin sé fjandsamleg.
Við skulum taka lítinn Laugaveg,
ertu með?
Ástin er svo harðhent,
það hendir okkur flest
og virkilega grátlegt
hvernig stundum fer.
Já, gæfan er oft fallvölt
og veröldin svo grimm
en mér sýnist hún samt skárri
á rúntinum með þér.

2. BÚUM TIL BÖRN

Það er enginn vafi, eitthvað vantar.
Ég held þú vitir hvað það er
því þú veist að við eigum ekki heima
úti í horni ein og sér.
Lofðu mér að liðka fyrir,
látum okkur líða vel.
Ég er ekki bara að hugsa um yðar
einlægan,
það er ekki það sem vakir fyrir mér.
Búum til börn.
Sumir segja að eitt sé alltof mikið
en sjálfur fæ ég aldrei nóg.
Ég lofa að blessun eykst með barni hverju.
Berum ávöxt, verum frjó.

3. VANDRATAÐ

Ég má ekki til þess hugsa að þú hírist
þarna ein.

„Hvernig ætli viðri“, velti ég lengi fyrir
mér
en spái undir niðri auknum hlýindum hjá
þér.

Þegar nóttin er næstum búin
og orðið vandratað heim til mín,
vegir liggja til allra átta
en lognið blæs mér í átt til þín.
Burt úr miðbæjarmyrkum sundum,
burt frá húsum með harða skel
í bjarta, breiða götu þar sem
ljósastaurarnir lykta vel.

Ég spyr eftir langa göngu: „Hef ég gengið
til góðs?“

Ég vona að þú vaknir og viljir opna fyrir
mér.

Ég veit ekki hvað ég geri ef ég finn læstar
dyr hjá þér.

4. UPP TIL AÐ ANDA

Ég kafa í mannhafi,
ég er perlukafari.
Ef lungun í mér brenna
syndi ég til hennar
eins og korktappi sem þeytist
upp úr sokknu flöskuskeyti,
eins og laus björgunarhringur,
eins og loftbóla sem springur,
og við förum upp til að anda.
Ég er blautur inn að beini,
ég hef velt við hverjum steini,
en ég vona að ég strandi
ekki einn á þurru landi.

5. ALLTÍGÓÐULAGI

Afsakið, má ég segja nokkur orð?
Þó ég sé ekki vanur að trana mér fram
þá get ég látið mig hafa það
í þeim tilgangi að koma að
að á dæmigerðum degi
er ég í meira stuði en hrökkáll,
handsterkari en Jón Páll,
hættulega viðsjáll – það er ég.

Hver?

Skírnarnafn Steingrímur,
ættarnafn Teague.
Fagmannleg þjónusta og áhrifarík.
Takmarkað framboð en eftirspurn slík
að röðin nær út fyrir Stór-Reykjavík
...og það er alltíggjólaga með dæmigerðan
dag.

Ég kann á dömumum handtökin:

Ég fæ öll síðustu rólóin.

Kaldastur jafningja klakanum á,
eitradri og sætari en asesúlfam-k.

Já, þetta er dæmigerður dagur:

eitt núll, stöngin inn.

Þú veist að ég er aðalsykurpabbinn þinn.

6. FER SEM FER

Þú ert að leggja í lítið ferðalag.
Þú ert að flytjast búferlum til framtíðar.
Það var mesta þarfaping,
það var þörfust útrétting – og er.
Hér er lítið sannleikskorn frá mér,
ekki efast um það sem ég segi þér:
Líttu yfir genginn veg,
tilveran var stórkostleg – og er.
Og því fer sem fer
– kannski hefðirðu átt að fara fyrr
og því fer sem fer.
– betur staðið upp en setið kyrr
Fer sem fer sem fer.
Þú stíkar gegnum hvítan kafaldsbyl
í átt að sætu blankalogni og sólaryl
og best af öllu er vissan að
þú loksins lagður sért af stað.

7. ÖRLÍTIÐ LAG

Ég ætlaði að skrifa bréf
en ég er ekki með neinar hendur.
Þá liggur beint við að raula smá,
ég bið þig að hlýða á
örlítið lag frá mér til þín.
Það lætur ekki mikið yfir sér
en ég vona samt að þú hlustir.
Þó að ég kveði ekki dýrt
held ég að erindið sé skýrt.
Mér var innrætt sem ungum dreng
aldrei að segja aldrei.
Höfum það lokaorðin hér,
þú ert með númerið hjá mér.

8. BÍLALEST ÚT ÚR BÆNUM

Í borginni standa göturnar hálfauðar
og ráðhúsið það húkir hnípið,
alltof stórt en pasturslítið,
endurnar sjálfdauðar
og bæjarstarfsmenn læðast þöglir um í
keng
og helgarfeður teyma helgarbörn í spreng.
Er ekki kominn tími á að bregða sér frá
gefa sér tíma og hræra í smá
bílalest út úr bænum
– héðan í einum grænum?
Er ekki kominn tími á að bregða sér frá
fara og reyna að slaka aðeins á
í bílalest út úr bænum
– með blakandi tungu í blænum?
Við þjóðveginn standa kindurnar lifaðar.
Þær mæna brostnum bænaraugum,
líkar skýjum eða draugum,
ætli þær vilji far?
Og um í sólskininu sveima flugurnar,
þær leggja kollhúfur og bjóða góðan dag.
Á hóflegum hraða ég vil fá að fara.
Þar líður mér best, þar kann ég við flest
allt
og slaka á.
Uppspretta er yndis alla leið útvarpið í
sjálfrennreið.

9. BANKABÓKARBLÚS

Bankabókin mín geymdi um skeið
myndarlegan plús
en nú syng ég minn
bankabókarblús.
Útibúið mitt veitir mér vel:
Kalda kaffilús
er ég kem og syng
bankabókarblús.
Því er ver, því er ver,
en nú er galtóm bókin hjá mér
svo þú veist, já þú veist vinur minn,
þú mátt leggja þar inn.
Kæru félagar, gefið mér pláss,
þínu frið og ró
meðan syrgi ég
– bankabókin dó.

10. MOSES HIGHTOWER

Gúmmí skrikar á malbiki um dimma nótt,
borgin er böðuð rauðum bjarma.
Taktu vara á þér, myrki Móses hér í
hverfið mættur er
til að hefna lítilmagnans harma.
Hann fellir aldrei tár, er tveggja metra hár
og ótal tungumál hann talar bæði og ritar
upp á tíu.
Já, taktu vara á þér, myrki Móses hér í
hverfið mættur er
og réttlætið mun ríkja hér að nýju.
Móses, já myrki Móses,
já mildi Móses stígur karlmannlegan dans.
Móses, já myrki Móses:
draumur kvenna og martröð þorparans.

11. GÆTUR

Látið í té
með meiru
fegurð og fé
og fremur útstæð eyru
þér gæfan hefur.

Við höfum þann háttinn á,
ég þegi, þú segir frá ,
en veröldin sefur.

Svo tekurðu mig á taugum
þegar við tekur þögn,
þú dokar við ögn
og með órætt stemmdum augum
mér gætur gefur.

Önnur Mósebók (2012)

1. STUTT SKREF

Þú ætlar kannski að stikla
á stóru og fara greitt,
horfir ekki aftur,
enda hræðistu ekki neitt.

En ef þér skrikar fótur
er sárara að falla við
en ef þú hefur hægt á þér
og skoðað betur malbikið.

Taktu stutt skref,
vertu ekki að flýta þér.
Það liggur lítið á
svo taktu stutt skref
og sjáðu bara hvernig fer.
Taktu stutt skref,
vertu ekki að flýta þér.
Það liggur ekkert á
svo taktu stutt skref
og farðu ekki framúr þér.

Eitt er að vita,
annað að hafa séð,
dregið að sér andann
og slegið taktinn með.

Hjáleiðin er tímafrek
en það er breitt bil
á milli þess að lifa
og þess að vera bara til

2. TÍU DROPAR

Seytla þú í svörtum tárur
síunni frá.
Hversdagsamstri og hjartasárum
vinnur þú á,
bægir þú frá.

Blessuð alla tíð sé baunin þín,
brennd og ilmandi,
sem að alla leið frá Eþíópí
barst hér að landi
og einkum til mín.

Sú var tíð að sveik ég þig
og sá þar hvergi nærri strax að mér.
(nei nei nei)
Tárvotur og titrandi
ég taldi mig geta snúið baki við þér,
(ég var grey)

uns fegurðin, hamingjan,
í sannleika sagt gjörvöll tilveran,
spegluðust í svartri brákinni,
í þér.

Uns hamingjan, fegurðin,
í sannleika sagt allur heimurinn,
spegluðust í svartri brákinni,
í þér.

3. INN UM GLUGGANN

Utan gluggans undir súð
götuljósinn lýsa upp næstu þök
og ekki gott að segja
hvort hann hafi vakað heila nótt
eða bara fáein andartök.

Nætursvalinn ber með sér
bæjarklið sem hverfur brátt
en hvað varðar þann um slíka
ógnarsmáa hluti utanfrá
sem á svo ósköp stirt
um andardrátt?

Og stjörnur þótt eygi hann
auðnast þeim trauðla að hugga hann.
Né heldur, tært það þó teygi hann,
tunglsljósinu inn um gluggann.

Fyrr um kvöldið höfðu þau
hugað með sér eins og áður oft
að ekkert geti verkað innvortis
öllu heilnæmara en næturloft.

4. SJÁUM HVAÐ SETUR

Því er erfitt að trúá
að við sátum hér síðast í haust.
Núna hangir sólin á fótum
að því er virðist endalaust.

Sólþyrstir stúdentar,
kappklæddir túristar,
heilsast á vegi förnum.
Nýkeyptir íspinnar
svitna og örvænta
og etast af þybbnum börnum.

Og sama hvað amaði að
þarna þegar við kvöddumst
klæðir sólskinið þig sífellt betur.
Dokum hér við
meðan dagsbirtan endist
og sjáum hvað setur.

Því er erfitt að gleyma
sem gerðist hér síðasta haust.
Er það nema von
að ég tali svolítið samhengislaust?

Miðbæjarmömmurnar
dröslast með kerrurnar
daglangt og dreypa á mokka.
Prúðbúnir mormónar,
þræðandi göturnar,
bjóða af sér góðan þokka

5. MARGT Á MANNINN LAGT

Varla hefur neinum neitt
náð að verða eins og mér
jafn ákaflega þungt og þreytt
og þessi litla vísa hér.

Ambögur og ofstuðlar
alveg ná mér upp í kok.
Froðusnakk og fánýtt sprogk
frussast úr mér allsstaðar.

Það er margt satt ósagt enn
og margt á manninn lagt,
ójá.

Dagurinn í duftið laut
og draumurinn um skrifað blað.
Bragarsmíð er bannsett þraut,
bölva mátt þér upp á það.

Setningarnar sitt á hvað
synda um á tundri og tjá.
Það er margt satt ósagt enn
og margt á manninn lagt,
ójá.

Svo kemur kvöldsólin.
Hringi hnitar hnötturinn um hana.
Hennar mildi er margsönnuð;
hún er mjög vel hönnuð.

Aumur, tregur, eirðarlaus,
aðframkominn, lafmóður.
Innri verund öll á haus.
Illur, beygður, morðóður.

Eymd og skömm og argaþras
ólm mig vilja fletta og flá.
Það er margt satt ósagt enn
og margt á manninn lagt,
ójá.

6. HÁA C

Neyðir sig, í tré,
nývaknaður þröstur
upp á háa c
og heldur því.

Þegar bærinn er
enn að klára úr fyrsta bolla
og teygja úr sér
legg ég hann í.

Úti sækir mannmergðin að mér
rétt eins og háflóðið að auðri strönd.
Og ég sé að eins og gengur
ferðast sumir einir,
aðrir hönd í hönd.

Kvölds ég bregð mér frá,
skottast kannski út
og jafnvel fæ mér smá
í tá – (já já) það má.

Úti sækir mannmergðin að mér
rétt eins og háflóðið að auðri strönd.
Og ég sé að eins og gengur
ferðast sumir einir,
aðrir hönd í hönd.

Og þó að það sé sárt
þá fer ég ekki af því
að eina hönd sé umfram aðrar
gott að halda í.

En þegar sólin sest
geri ég það sem ég geri manna best.
(Horfí á Lé á DVD,
bara ég og Olivier)

Undanfarið ertu furðu fátíð.
Er fáni okkar hífður hálfvegis að húni?
Þarf ég þá að hugsa bara um þig í þátíð
eins og næturvaktina í Nóatúni?

Því ertu svona fjarska fátíð?

7. MANNHÖFIN SJÖ

Stórum af bökkum
stara mig á
stjaksettir ostbitar.

Láttu þig reka
lengst inn í sal.
Leitaðu að mér þar.

Ég þarf svo taflaust
traustgerðan arm
til þess að styðjast við.

Skildu mig ekki
eftir án þín
innanum þetta lið.

Ýtum úr vör
út á mannhöfin sjö.

8. GÓÐUR Í

Við hengjum hattana upp,
það vekur aðdáun og eftirtekt.
Að hafa dýrðlegt hár
er bæði torsótt verk
og afar tímafrekt.

Það er í loftinu:
við stefnum hraðbyri
í eitthvað stórkostlegt.

Nei, kemur ekki til greina.
Nei, ég fer ekki heim.

Á þessum eina stað
telst ég til framámanna
og frumkvöðla
og það sem fer hér fram
er jafnan ódauðlegt
og afar umtalað.

Ég sel kvikmyndir um hvali
með þýsku tali, og sauðfé,
lunda og seli steypa í pólýúretan,
en á föstudögum dansa ég
á fínu skónum
og skemmti mér mjög vel
eins og faðir Abraham.

Það er ljóst að ég er óður í
að fá að gera það sem ég er góður í.
Já, það er ljóst að ég er óður í
að gera það sem ég er góður í

9. TROÐINN SNJÓR

Þú finnur varla nokkurn stað,
nokkurn blett sem bragð er að,
sem ekki hefur einhver snert
og jafnvel gert að sínum.

Ef þig rænir hugarró
að troða bara troðinn snjó,
mundu að enginn, fyrr en nú,
markað hefur sömu spor og þú.

Með hverjum degi og hverri frétt,
hverri bók sem færðu flett,
þú klöngrast upp um fjarlæg fjöll
en finnur enga nýjamjöll.

Ef þig rænir hugarró
að troða bara troðinn snjó,
mundu að enginn, fyrr og nú,
markar viðlík spor og þú.

10. BYRJAR EKKI VEL

Það byrjar ekki vel,
ekki alveg eftir bókinni.

Það byrjar ekki vel
en það er óbitið úr nálinni
og ég hef fulla trú á að nú
bíti á.

En ef það bítur á,
sem gæti alveg hent,
hvað gerum við þá?

Það fer mér ekki vel
að farast svona úr áhyggjum.

Það fer mér ekki vel
að finna til í iljunum,
samt geng ég í hring eftir hring
og bíð.

Fjallaloft (2017)

1. TRÚNÓ

Þau sitja eftir
með auð sætispláss til beggja handa,
dreypanði sitt á hvað
á drykkjunum sem eftir standa.

„Alveg sjálfsagt,
ekki að minnast á.
Láttu vaða,
leystu skjóðu frá.
Ég segi engum!“

Svo kryfjast hjartans mál
og einhvers andadýr er panda.

Trúnó, trúnó, (kinn við) kinn við kinn:
Þú og ég og einhver vinur þinn.
Trúnó treina, trúnó viðhalda,
nóttin naumast orðin miðaldra.

Og við svo krumpuð bæði og breytt
því það er langt um liðið,
og hundruð hundaára
hafa á okkar daga drifið.

Hann ber af sér blak frá makanum.
Þau takast á: Hvort skuli saka um
þakið sem hrakar í rakanum?
„En ég makaði á það fram og til baka, ha?
Vertu ekki hengjandi smíð fyrir bakara!“

2. FJALLALOFT

Hvað er þessi blíða nema ruglun reyta
ljóss og logns sem varir alltof stutt?
Og hvað er þessi jökull nema bleyta
sem bráðnar innan skamms og gufar upp?

Lóuparið lúkkar vel á heiðinni og veit það.
Leyfist mér að játa
að ég er leiður á þeim strax?
Og löppum sínum ópolandi gæsir beita
á íronískan máta,
beggja vegna sólarlags.

Þú elskar fjöllin.
Þú elskar fjallaloft.
Þú ert ekki svöng, ekki þreytt,
fersk og leiðist ekki neitt.

Höglum hæfðar rjúpur ropa: „Hneit þar,“
á byssum gyrta böðla,
sem hrökkva þá í kút.
Jú, lóuparið lúkkar vel, en því er ekki að
neita
að það var eitthvað annað sem dró mig
hingað út.

3. SNEFILL

Blika stjörnur bast og tvist,
urtubarn í útskersvist
er að lognast útaf,
og ég hafa það vil sem það hefur
því það er eins og er ekki snefill af mér
sem að sefur.

Þér sem einnig liggur hér
vinnst létt að sofa.
Áir sátta í örmum mér
ásamt náladofa.

Ég er bit yfir því
hve þú talblöðruna í
getur teiknað zetur!

Og ég hafa það vil sem þú hefur
því það er eins og er ekki snefill af mér
sem að sefur.

Já, ég hafa það vil sem þú hefur.

Að ég einn og aukreitis
norpi í vökuheimi
þýðir ekki aldeilis
að mig ekki dreymi.

Nei, ég hafa það vil sem þú hefur.

4. GEIM

„Hæ aftur, manstu ekki eftir mér?“
fékk halastjarnan sagt við Júpíter.
„Býðurðu mér heim?
Mér sýnist við jú vera
bæði geim.“

„Nú renna á mig – kærust, trúðu mér –
grímur tvær,“ mælti þá Júpíter.
„Burtséð þó frá þeim
er ég vissulega
geim.“

Og á sama ári – manstu það? –
sér annar fundur átti líka stað
hjá jarðarbúum tveim
sem settust niður, hlið við hlið,
og horfðu út í kosmósið
sem kímdi móti þeim.

5. FEIKN

Yfir dyraþrepið
ég ætla mér,
en óttast það sem bíður mín.

Verða ekki aftur tekin
orðin þau,
sem máttu jú alveg missa sín?

Og þau feikna ský
sem frussa oss á
mættu sér halda í
héðan í frá.

Þegar loks ég mæti
mænirðu á,
svo myrk á svip og dimm,

en glottir út í annað
eftir smá,
og gefur mér svo fimm.

6. SKYTTAN

Ég hef ýmist farið
eða setið kyrr
eða fetað beggja bil þess.

En þú tókst loks af skarið
sem aldrei henti fyrr
og ekkert benti til þess.

Við erum ljóta parið:
ég loga af heift og pirri
og þú ornar þér við yl þess.

Að fanga í orðum, það er ekki til
í dæminu – þótt ég æfði mig
og þótt mig blóðlangi að gera því skil
skotinu sem hún hæfði mig.

Við beygjum okkur, buktum,
tvær snjáðar sálir, sneyptar,
fyrir duttlunganna veldi,

og orðhöggvumst og tuktum
hvort annað til, full heiftar
uns líða fer að kveldi,
en svo líður loks að kveldi.

Og þá lýsirðu þessum luktum
sem í þig eru greyptar
og undir eins ég þiðna allur innvortis
og er þarnæst sleginn eldi

7. MJÓDDIN

Á duggunni
velkjumst við og vindhviðurnar rugga
henni.
Ég svæli í mig samloku í muggunni
og gubba henni.

Í bíóum
voðamennin valhoppa með hnífana um.
Ég horfi, en tékka á heila og hálfra tímanum
á símanum.

Já það er satt,
ég var heimakær úr hófi fram
en lét svo af þeim ósið.
Ég var týndur aumur einstæðingur
en svo sá ég ljósið.
Já, ég sá ljósið.

Í slyddunni
ég tók af okkur mynd og óvart eyddi henni.
Við nærðumst síðan næstum ótilneydd inni
í Mjóddinni.

Ég leit upp og sá ljósið.

Hann var heimakær úr hófi fram
(en lét svo af þeim ósið)!
Hann var týndur!
Ég var týndur aumur einstæðingur
en (en!) svo sá ég ljósið,
(já, hann sá ljósið!)
ég bæði segi og skrifa ljósið

8. REYNIMELUR

Ég vona að öllum heima heilsist vel,
– þau hafi það sem skást, –
nema þessum þarna sem þig elta röndum á
út Reynimel,
rangeygir af ást.

Guð veit að ég vil allflestum vel,
– vinarþel á nóg –
nema þessum þarna sem ég minntist á:
Þeir mega á Reynimel
koma sér í lóg.

Um dag þeir silfurtyngdir spjalla,
og veg,
og kannski skjallar einhver þig
ögn fallegar en ég.

Og þarna rís ein borgin enn,
ólöguleg og grá,
en heima skipta eflaust litum allir þeir
andans menn
er þig góna á.

9. SUMA DAGA

Dag frá degi, stað úr stað
ýtum frá og leggjum að.
Kurl á flóttu undan gröfum.

Allt er muldrað undir rós,
aldrei gefið stefnuljós,
ekkert letrað skýrum stöfum.

Suma daga siglir hjartað lygnan sjá,
en suma daga andar ósköp köldu.

Og á kvöldin, niðri á strönd
í limbó undir sjónarrönd fer sólin mín,
með réttu eða röngu.

Og einn daginn ber það að:
Tíminn knýr á – sér tekur aftur það
sem að fékkst að láni fyrir löngu.

Suma daga siglir hjartað lygnan sjá,
en suma daga stendur það í ströngu.

10. ÝMIS MÁL

Þegar að þér steðja ýmis mál,
úlfúðleg og þver,
og allt virðist baklæst, stál í stál,
er stundaraflausn fáanleg hjá mér.

Það er saklaust við og við
og jafnvel borgar sig.

Þegar úti gerist ósköp svart,
og óvistlegt og kalt,
leystu undan húfu hárið bjart
svo ljómann af því leggi yfir allt.

ELLISMELLUR (2018)

Að loknum lestri fréttanna
litgreini sokka og sameina:
Einn, tveir, áfram gakk!

Fylgist með fótabúnaði
í hans náttúrulega umhverfi
og sé að þeim fjölgar, stöku sokkunum.

Í grámann grannaskinnin falla eins og flís
við rass,
fljúga ansi oft á Útvarp Saga class,
og fá sér af stút.

Og þegar öllu þeirra bauki er á botninn
hvolft
blasir við að ekki gerist alltof oft
að þau kíkí eitthvert út

og ég spyr mig:
Er ekki mál að linni?
Er ekki kominn tími til að skora gufuna á
hólm?

Og sjá:
Vatteruð kona í kvartbuxum,
(hjarta, ertu fransbrauð?)
ég kikna í göngulimunum!
(fýsn, ertu hordauð?)

Ég sagði: „Kannski væri þjóðráð að við
kíktum í
kaffibolla og mögulega kruðerí,

og rifjuðum upp gengna slóð?“

Hún sagði: „Á laugardögum líta
barnabörnin við,
á mánudaginn læt ég skipta um mjaðmarlið
en annars er ég bara góð.“

Er ekki kominn tími til að tíminn komi til?

ÓVITAR (2013)

Öll viljum við virðast öðrum
vita allt upp á hár,
og virka fróð um flestöll mál
og fáránlega klár.

En enginn fæðist fullorðinn
og fær í allan sjó,
og því færðu af fúkyrðunum
feykinóg:

Kennarar og hvassar mæður
halda jafnan heljarræður,
argan heimsins ósóma
ævinlega predika,

okkur kalla óhæfa
ofurtossa, blábjána,
fáráðlinga fífldjarfa,
flón og jafnvel óvita.

Ekki gretta, ekki skvetta, ekki hitt og
ekki þetta - óvitar!
Skammi, skammi, ekki halda að þið
eigið skilið nammi - óvitar!

En ef við þírum augnbotnana
og þælum ögn í því
gæti skeð að glitti fleiri
óvitana í...

Ráðherrar og ræstitæknar,
hrekkjusvín og hjartalæknar,

forstýrur og frjótæknar
fremstir eru óvitar.

Kúasmalar, kafarar,
kúluvembdir langafar,
kálbændur í Zanzibar –
zömuleiðis óvitar!

Ég og þú og hann og hún og þau í næsta
húsi líka -- óvitar!

Kansas, Kænugarði, Kabúl sem og Kjós
og Kosta Ríka -- óvitar!

Ég og þú og hann og hún og þau í næsta
húsi líka -- óvitar!

Kansas, Kænugarði, Kabúl sem og Kjós
og Kosta Ríka -- óvitar!

Leigubíla- og strætóstýrur,
stilltar, prúðar listaspírur,
Geimfarar og gúlagverðir,
gullhjörtu og lygamerðir,

Framherjar og fól í vörn,
glysrokkarar, glasabörn
útum trissur allsstaðar
eru tómir óvitar!

Óvitar!